

Viðamikil og fjölbreytt hátíð



Minnast Hrafns í skák

Lífið > 18



Er þitt fyrirtæki tryggt fyrir netárásum?

TM

Hugsum í framtíð

Menning > 17

FRÉTTABLAÐIÐ

226. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIDVIKUDAGUR 12. OKTÓBER 2022



Íslenska landsliðið fór heim með brostna drauma frá Portugal í gær þegar HM-draumurinn var úr sögunni. Umdeildir dómur og rautt spjald á íslenska liðið lituðu leikinn sem tapaðist að lokum í framlengingu. Pungt var yfir íslenska liðinu þegar flautað var til leiksloka í Porto en liðið skildi allt eftir á vellinum. **SJÁ SÍÐU 12**

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fordæmalausir tímar séu innan ASÍ

Ótímabært er að segja til um aðskilnað innan Alþýðusambands Íslands en ljóst er að einhver stéttarfélag munu skoða stöðu sína innan sambandsins í ljósi atburða gærdagsins. Sagnfræðingur man ekki eftir viðlíka fordæmi í sögu Alþýðusambandsins.

helenaros@frettabladid.is

KJARAMÁL Erfitt er að gera sér grein fyrir því hvað er að gerast innan Alþýðusambands Íslands vegna þess hve vanstillt umræðan er og erfitt er að sjá hvaða málefnaágreiningur er til staðar segir Guðmundur Hálfánarson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands. Hann man ekki eftir viðlíka fordæmi í sögunni og segir fréttir gærdagsins hafa komið að óvart.



Guðmundur Hálfánarson, sagnfræðingur

Ragnar Þór Ingólfsson, Sólveig Anna Jónsdóttir og Vilhjálmur Birgisson drógu öll framboð sín til forystu til baka í gær. Eftir stendur Ólöf Helga Adolfsdóttir ein í framboði og fari svo að hún fari ein fram verður hún sjálfkjörin.

Vilhjálmur sagði við Fréttablaðið í gær að ástæðan væri tillaga um að víkja öllum fulltrúum Eflingar frá aðalfundi ASÍ. Ótímabært væri að segja til um klofning, hvert félag yrði að taka þá ákvörðun út af fyrir sig. Ekki náðist í Sólveigu Önnu

þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Hún tjáði sig þó um málið á Facebook-síðu sinni í gær. „Í dag er mér ljóst að vonin um umbætur á ASÍ er úti. Í forystu ASÍ getur ekki átt erindi nein manneskja sem vill af heilum hug berjast fyrir bættum kjörum almennings á Íslandi. Þær manneskjur verða að leita annað,“ segir Sólveig Anna. Ekki náðist í Ragnar Þór í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Ef ASÍ er ekki að leysast upp þá er að minnsta kosti eitthvað að kvarnast úr sambandinu, segir Guðmundur spurður hvort hann telji ASÍ vera að liðast í sundur. „Það er að minnsta kosti verið að ræða það að stór félag ætli að ganga út,“ segir hann.

Að sögn Guðmundar eru átök innan ASÍ ekki ný af nálinni. Nú séu átökin þó með öðrum hætti en áður

og snúist frekar um stjórnunarstíl og persónuleg átök fremur en pólitísk málefni.

Guðmundur segir stöðuna vond tíðindi fyrir verkalýðshreyfinguna og að þetta muni hafa áhrif á kjara- viðræður. „Það er stór hluti kjarasamninga sem verða lausir og þungar samningaviðræður fram undan.“

Spurður um sættir segir Guðmundur erfitt að segja til um það. „Það er eins og fólk geti ekki almennilega talað saman. Baráttan hefur mikið farið fram í fjölmöðlum og á samfélagsmiðlum þar sem stóru orðin eru ekki spöruð og það auðvitað veit aldrei á gott þegar það kemur að því að vinna saman þar sem fólk sakar hvert annað um óheilindi, svik og annað slíkt.“ ■

Sjá nánar á frettabladid.is.

Gagnrýna auknar álögur á áfengi

SKATTAMÁL Forkólfar Félags atvinnurekenda gagnrýna harðlega auknar álögur á almenning og fyrirtæki sem þeir segja felast í nýju fjárlagafrumvarpi.

Félagið beinir sérstaklega sjónum að áfengissköttum. Gangi frumvarpið eftir muni áfengisgjald hækka um 7,7 prósent. Í friðhafnarverslunum komi ofan á þá hækkan 150 prósent hækkan gjaldsins.

„Fyrir hinn almenna neytanda þýða þessar skattahækkningar að hæsta áfengisverð í Evrópu hækkar enn,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri félagsins, en léttvínasskassinn hækki um 600 krónur og bjórkippan um 150 krónur.

SJÁ SÍÐU 4

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE



2-3 DAGA AFHENDING



Premur aukaverkanamálum hefur verið sýnað af Sjúkratryggingum.

Þrjú bótamál samþykkt af Sjúkratryggingum

benediktboas@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Sjúkratryggingum Íslands hafa borist 51 umsókn vegna aukaverkana í kjölfar bólusetninga gegn Covid-19. Bótaskylda hefur verið samþykkt í þremur málum en þau eru enn í vinnslu og því hafa engar bætur verið greiddar.



Lágmarksbætur eru 128 þúsund krónur.

Þetta kemur fram í minnisblaði frá heilbrigðisráðuneytinu til velferðarnefndar Alþingis sem birtist í gær.

Í svarinu kemur fram að það liggi ekki fyrir hvort tjón nái lágmarki í þeim málum sem samþykkt hafa verið. Lágmarksbætur vegna tjóns eru 128 þúsund og hámarksbætur 13 milljónir. Þá segir að þremur málum hafi verið sýnað. ■

Enginn yfir nema fuglinn fljúgandi



Mikil rigning skall á höfuðborginni í gær og höfðu niðurföll varla undan vatnselgnum. Innri akreinin á hringtorginu Melatorgi, sem tengir saman Hringbraut og Suðurgötu, breyttist nánast í stöðuvatn þar sem skitugt rigningarvatn fullt af laufblöðum flæddi um svo varla var komist yfir nema á vel breyttum bíl.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kallað eftir upplýsingum frá skólum

benediktboas@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Jafnréttisstofa hefur kallað eftir upplýsingum frá framhaldsskólunum um stöðu aðgerða í jafnréttisáætlunum. Mikil hefur verið rætt og ritað um vanmátt framhaldsskóla í kjölfar byltingar í MH. „Einstök mál sem upp hafa komið í framhaldsskólum varpa ljósi á viðvarandi vandamál sem bregðast verður við. Skólasamfélagið allt verður að taka þessi mál föstum tókum og leita allra leiða til að gera skólana örugga fyrir nemendur, kennara og starfsfólk,“ skrifaði Ásmundur Einar Daðason í bréfi til skólastjórnenda.

Á grundvelli laga um stjórnarsýslu jafnréttis laga hefur Jafnréttisstofa óskað eftir upplýsingum frá skólunum um framkvæmd þeirra um



Framhaldsskólanemar eru fullsaddir af aðgerðaleyfi skólastjórnenda.

jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Í lögunum er meðal annars fjallað um ábyrgð yfirmanna stofnana til að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og notendur þjónustu verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, í stofnun, félagsstarfi eða skólum. ■

Marga heimilislausar vantar hlý útiföt fyrir veturinn

Mikil þörf er á hlýjum fatnaði fyrir heimilislausar nú þegar tekur að kólna. Þörfin er mest fyrir þau sem ekki geta eða vilja þiggja þá aðstoð og skjól sem í boði er.

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG Guðmundur Ingi Þór-oddsson, formaður Afstöðu, félags fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun, sendi í gær út neyðarkall á Facebook-síðu sinni þar sem hann óskar eftir hlýjum fatnaði, svefnpokum og tjöldum fyrir heimilislausar fólk. Þau sem vilja og geta mega koma með útiföt, tjöld og svefnpoka í gistiskýlið á Lindargötu 48.

Guðmundur Ingi segir margt fólk húsnaðislaust og í bæði erfiðum og flóknum aðstæðum. „Fólk er alls konar og sumum hentar bara ekki að vera í íbúð, eins skritið og það hljómar,“ segir hann.

„Sumir eru ekki hæfir til að vera í íbúð og sumir kjósa að vera ekki í neyðarskýlum, sumir geta ekki verið í smáhúsum eða einhverjum öðrum úrræðum, þetta er svo misjafn hópur,“ bætir hann við.

Þá segir Guðmundur mikilvægt að fólk fái að stjórna lífi sínu sjálf, ekki sé hægt að skikka fólk til að fara í neyðarskýli sé það án heimilis eða vilji ekki þiggja þá hjálp sem í boði sé. „Eina sem við getum gert er að hjálpa þeim að líða sem best og leyfa þeim að ráða lífi sínu og taka ákvarðanir sem henta þeim,“ segir hann.

Sigbrúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri Vesturmíðstöðvar, segir ákveðinn hóp halda til í tjöldum í borginni og að það sé alltaf áhyggjuefni, sérstaklega nú þegar fer að kólna.



Hægt er að koma með fatnað í gistiskýlið á Lindargötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Guðmundur Ingi Þór-oddsson, formaður Afstöðu

„Þegar við fáum upplýsingar um að einhver hafist við í tjaldi þá fer starfsmannahópur frá okkur á staðinn og reynir að hitta á viðkomandi. Upplýsingar um þjónustuna sem er í boði og það eru margir sem þiggja það að leita í neyðarskýli eða aðrar lausnir en það eru alltaf einstaka aðilar sem vilja það ekki,“ segir Sigbrúður.

Ingi Þór Einarsson, forstöðumaður gistiskýlisins á Lindargötu, segist kannast við það að fólk sem sé án

heimilis vilji ekki þiggja þá aðstoð sem í boði er, einnig séu margir á milli heimila eða í tímabundinni gistingu hjá vinum eða fjölskyldu.

„Fólk heldur oft að við séum að vísa fólki frá en svo er ekki, sumir vilja ekki vera hér og gista en koma samt og þiggja aðra þjónustu,“ segir Ingi. „Koma til dæmist til að fá hlý fót,“ bætir hann við.

Spurður að hvað vanti helst segir Ingi það vera ullarsokka, húfur og vettlinga, ásamt skóm og úlpum. „Það er einhver starfsmaður við herna allan sólarhringinn svo fólk getur komið til okkar með fót hvenær sem er,“ segir Ingi. „Þá sem vantar fót geta komið til okkar og fengið það sem þeir þurfa og við getum svo komið fötunum á aðra staði þar sem þörf er fyrir þau, svo sem í gistiskýlið úti á Granda eða Konukot,“ segir Ingi. ■

GLEYM MÉR EI

MINNINGARSTUND

15. OKTÓBER 2022 KL 14:00

Alþjóðlegur dagur tileinkaður missi á meðgöngu og barnsmíssi.

Nauthóll

Verður líka streymt á Facebook **gleymmereistyrktarfelag**





X5

PLUG-IN HYBRID



#joyelectrified by 

RAFMAGNAÐUR

BMW X5 PHEV MEÐ 80 KM DRÆGNI* Á RAFHLÖÐU

BMW X5 Plug-in Hybrid, með einstöku xDrive fjórhjóladrifi og stærri rafhlöðu sem skilar þér af öryggi allt að 80 kílómetrum á rafmagninu einu saman. Fáguð innrétting og óviðjafnanlegur glæsileiki, ásamt 394 hestöflum veita þér hina einu sönnu BMW upplifun sem gerir hverja ferð að spennandi ævintýri. Komdu í reynsluakstur í dag.

4 ÁRA ÁBYRGÐ**

**Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggji og kosti reglulegt þjónustuefirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.bmw.is

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Vonsvikin með svarbréf frá Degi

benediktboas@frettabladid.is

SAMGÖNGUR „Svarbréf borgarstjóra er dagsett 4. október, en þar eru því miður ekki veitt nein svör við þeim spurningum sem settar hafa verið fram í áður nefndum bréfum,“ segir Salvör Nordal, umboðsmaður barna, en henni barst loks svarbréf frá Degi B. Eggertssyni borgarstjóra um skýringar á gjaldskrárhækkunum Strætó bs. í tengslum við kosningaloford um gjaldfrjálsar strætósamgöngur fyrir öll börn í Reykjavík.



Salvör Nordal, umboðsmaður barna

Salvör sendi Strætó bréf 3. desember þar sem óskað var skýringa vegna nýrrar gjaldskrár, en samkvæmt henni hækkaði gjald fyrir árskort ungmenna um 60 prósent á sama tíma og gjöld fyrir fullorðna voru lækkuð.

Hún fylgdi því eftir með því að senda bréf til Dags í janúar. Hún rak á eftir svörum í september og svaraði Dagur henni þann fjórða október en veitti ekki fullnægjandi svör, að mati Salvarar. ■

Ræða um aukna gæslu á Alþingi

bth@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Björn Levi Gunnarsson, þingmaður Pírata, sem hótað hefur verið lífláti, gagnrýndi Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra og Sigmund Davíð Gunnlaugsson, formann Miðflokksins, fyrir orðræðu þeirra í viðtali á Fréttavaktinni í gærkvöld.



Björn Levi Gunnarsson þingmaður Pírata

Fram kom einnig að umræða er nú meðal þingmanna um að auka beri öryggisgæslu á Alþingi. ■

Nánar á frettabladid.is

Innflutningur lækkar en innlendar vörur hækka

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Í verðkönnun Veritabus sem Fréttablaðið greindi frá í gær, kom í ljós að matarkarfan lækkaði um 3,3 prósent í Nettó en hækkaði um 2,1 prósent í Krónunni og Hagkaupum og 4,1 prósent í Heimkaupi. Samkvæmt könnuninni keppir

Nettó nú við lágvöruverðsverslanirnar Bónus og Krónuna um að bjóða ódýrustu matarkörfuna.

Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri Samkaupa sem reka Nettó, segir að í vildarklúbbi bjóði Nettó ódýrustu matarkörfuna.

Gunnar Egill segir verðlag innfluttra vara hafa lækkað að undan-



Matarkarfan í Nettó lækkaði um 3,3 prósent.

förnu og Samkaup hafi gætt þess að láta þær lækkanir ganga áfram til viðskiptavina.

Hann segir innlenda framleiðendur sem njóta tollverndar lítinn áhuga hafa á að halda verði í skefjum. Mjólkursamsalan hafi hækkað verð tvisvar eða þrisvar á árinu og lambakjöt hækki um 27 prósent. ■

Segja boðaðar auknar álögur á áfengi hér á landi vera óskiljanlegar

Atvinnurekendur segja fjármálaráðherra kominn í mót-sögn við sjálfan sig með því að vilja hækka stórlega álögur á áfengi á sama tíma og hann tali fyrir því að skattlagning á þeim vettvangi sé komin algjörlega út í ystu mörk.

ser@frettabladid.is

SKATTAMÁL Forkólfar Félags atvinnurekenda (FA) gagnrýna harðlega auknar álögur á almenn- og fyrirtæki sem þeir segja felast í nýju fjárlagafrumvarpi stjórnvalda.

Félagið beinir sérstaklega sjónum að áfengissköttum. Gangi frumvarpið eftir muni áfengisgjald hækka um 7,7 prósent. Í fríhafnarverslunum komi ofan á þá hækkun 150 prósentu hækkan gjaldsins, en það eigi að hækka úr 10 prósentum af fullu áfengisgjaldi í 25. Hækkunin í þessum verslunum verði þá samtals 169 prósent. Það sé skattþína.

„Áfengisskattar á Íslandi eru þeir hæstu í Evrópu og þótt víðar væri leitað,“ segir í umsögn félagsins til fjárlaganefndar, „en ekki sé hægt að ganga lengra í gegndarlausri skattþeningu neytenda þessarar einu almennu neyzlúvöru og engri ríkisstjórn eða löggjafarsamkundu í þeim löndum sem Ísland ber sig saman við dettur í hug að ganga jafn langt,“ segir þar enn fremur.

„Fyrir hinn almenna neytanda þýða þessar skattahækkningar að hæsta áfengisverð í Evrópu hækkar enn,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri félagsins, en létvín-kassinn hækki um 600 krónur og björkippan um 150 krónur.

„Þessar hækkningar skerða líka samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar og koma niður á afkomu veitingahúsa. Svo virðast stjórnvöld ætla að verðleggja Frihöfnina út af markaðnum, sem þýðir að fólk mun kaupa áfengi í frihöfnum erlendis og

	Hendrick's gin, 1 l, 44%	Bombay Sapphire 1 l, 47%	Absolut Vodka, 1 l, 40%	Stolichnaya Vodka, 1 l, 40%	Johnnie Walker Red label, 1 l, 40%	Chivas Regal, 1 l, 40%
Berlin	6.524	2.768	2.351		3.464	3.881
Kaupmannahöfn	6.509	4.271	3.338		4.084	
London	4.450	3.349	3.261	1.594		
Barcelona	6.107	3.125	2.497	2.219	2.864	5.125
Keflavík	6.999	4.290	3.690	2.999	3.499	5.790
Hækkun á áfengisgjaldi *	1.210	1.293	1.100	1.100	1.100	1.100
Verð í Kef. 2023	8.209	5.583	4.790	4.099	4.599	6.890



Svo virðast stjórnvöld ætla að verðleggja Frihöfnina út af markaðnum.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA

taka með sér í handfarangri í flugi,“ segir Ólafur, en tafla sem fylgir fréttinni sýnir verðlagsbreytingarnar.

Í umsögn FA til þingnefndarinnar segir að ráðherra málaflökksins viti þetta mætavel – og hafi raunar talað fyrir því að stemma stigu við auknum álögum á áfengi hér á landi. Bent er á eftirfarandi ummæli hans í beinni útsendingu á vef Sjálfstæðisflokksins 10. júní 2021 þar sem hann var spurður um skattlagningu á áfengi: „Það er mín skoðun að við séum komin algjörlega út í ystu mörk á skattlagningu. Þá er ég einfaldlega að vísa til þess að við erum líklega með eina dýrustu björkrús í Evrópu. Mér finnst ekki endilega að það eigi að vera þannig.“

Félagið telur að orð og efndir eigi hér að fara saman. „Fjármálaráðherrann hefur sagt sjálfur að skattlagning áfengis væri komin að ystu mörkum,“ bendir Ólafur á og bætir við: „Samt leggur hann til þessarar gróðarlegu skattahækkunar, sem er óskiljanlegt. Það væri miklu nær að vinna ofan af þessum ofursköttum.“

Almennt varar FA við auknum álögum á almenn og fyrirtæki sem félagsmenn telja leynast í nýju fjárlagafrumvarpi. „Þar má nefna sem dæmi hækkan bifreiða- og eldsneytisgjöld, sem munu valda hækkun á kostnaði við vörudreifingu,“ segir í umsögninni, en allt saman kyndi þetta verðbólgu-bálið. ■

Fyrsta doktorsvörnin á Akureyri

bth@frettabladid.is

MENNTAMÁL Í gær urðu söguleg tímamót við Háskólann á Akureyri þegar fyrsta doktorsvörnin við skólann fór fram.

Karen Birna Þorvaldsdóttir varð ritgerð sína á heilbrigðisviði og ber hún heitið Að skilja og mæla hindranir þess að leita sér hjálpar eftir áfall: Þróun á mælitæki með blönduðum aðferðum.

Ritgerðin var unnin undir leiðsögn Sigríðar Halldórsdóttur, prófessors við Háskólann á Akureyri.

Auk hennar voru í doktorsnefndinni Denise Saint Arnault, prófessor við University of Michigan í Bandaríkjunum, Rhonda M. Johnson, prófessor við University of Alaska Anchorage í Bandaríkjunum, og Sigrún Sigurðardóttir, dósent við Háskólann á Akureyri.

Andmælendurnir í doktors-



Tímamót hjá Háskólunum á Akureyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

vörninu voru Stefánía Ægisdóttir, prófessor í sálfræði við Ball State University í Bandaríkjunum, og Maria Wemrell, dósent í lýðheilsuvísindum við Lunds universitet í Svíþjóð.

Guðrún Rósa Þorsteinsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar doktorsnáms, og Kristján Þór Magnússon, settur forseti Heilbrigðis-, viðskipta-, og raunvísindasviðs, stýrðu athöfninni. ■

GJAFALEIKUR
Heilsuvara vikunnar



DV



NISSAN
INTELLIGENT
MOBILITY



Nýr Nissan Qashqai

Fullkominn borgarjepplingur magnaður með Mild Hybrid tækni

PANTAÐU ÞINN NISSAN QASHQAI NÚNA.

Verð frá: 5.790.000 kr.

5 ÁRA ÁBYRGÐ*

FLEX leiguverð frá: 145.890 kr. á mánuði.**

**Miðað við 36 mánuði og 18 þ.km. á ári. Nánari upplýsingar á flex.is

www.nissan.is

*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.nissan.is

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Briddsspilarar minnst mesta afreks hugaríþróttanna

bth@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Hvenær sem þessi mikli atburður kemur upp í huga minn fyllist ég þakklæti fyrir alla þá sem gerðu þetta að veruleika,“ segir Björn Eysteinnsson, fyrirlíði Íslendinga í bridds, þegar þeir urðu heimsmeistarar í Yokohama árið 1991.

Í gær var 31 ár liðið síðan landsliðið vann þetta mikla afrek.

„Polinmæði og dugnaður liðsmanna við æfingar og ævintýraleg

frammistaða gleymist seint,“ segir Björn.

Undirbúningur Björns sem fyrirlíða byggðist á uppbyggingu bæði andlegs og líkamlegs atgervis, sem þá þótti nýlunda.

„Þessir sex snillingar hófu æfingar, bæði brids og líkamsrækt með fjallgöngum og hlaupum, af mikilli samvirkusemi snemma vors 1991 og enduðu sem heimsmeistarar,“ segir Björn.

„Það gleymist aldrei að hlusta á



Polinmæði og dugnaður liðsmanna við æfingar og ævintýraleg frammistaða gleymist seint.

Björn Eysteinnsson, fyrirlíði

þjóðsönginn okkar góða á efsta palli – og koma með Bermúdaskálina heim til Íslands.“

Hvorki fyrr né síðar hefur Ísland eignast heimsmeistara í liðsþrótt. Hálf þjóðin fylgdist með fréttaplutningi sem endaði með beinni sjónvarpsútsendingu um miðja nótt.

„Þjóðin var stolt á þessum tíma, heimsmeistararnir kjörnir menn ársins og briddsáhugi blómstraði í mörg ár á eftir,“ segir Björn.

Afreksins verður minnst með ítarlegu viðtali við Guðmund Pál Arnarson heimsmeistara í glænýrri þáttaröð um bridds sem hleypt verður af stokkunum á Hringbraut næsta mánudag.

Auk Guðmundar og Björns spiluðu Jón Baldursson, Aðalsteinn Jörgensen, Þorlákur Jónsson, Örn Arnarson og Guðlaugur R. Jóhannesson í liðinu sem fagnaði heimsmeistaratitlinum sem margir muna vel eftir. ■

G7 hétu stuðningi við Úkraínumenn

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Árásir Rússa á almenna borgara og borgaralega innviði í Úkraínu hélt áfram í gær. Meðal annars var sprengt í borgunum Lviv í vesturhluta landsins og Zaporíjzja. Í Lviv eru íbúar beðnir um að takmarka rafmagnsnotkun.

Leiðtogar G7-rikkjana hittust á fjarfundum í gær og hétu áframhaldandi stuðningi við Úkraínumenn „eins lengi og þarf.“ Volodymyr Zelenskyj Úkraínuforseti ræddi við leiðtogana á fundinum. Í G7 eru Bandaríkin, Kanada, Þýskaland, Frakkland, Bretland, Ítalía, Japan og Evrópusambandið.

„Ólögleg innlimun og falsaðar kosningar sem Rússland notar til að réttlæta hana verður aldrei samþykkt,“ var bókað á fundinum. Ríki G7 munu halda áfram að veita Úkraínumönnum hergögn, fjármagn, mannúðaradstoð og annan stuðning sem þeir þurfa. Þá voru loftskyttaárásir Rússa á almenna borgara harðlega fordæmdar, enda séu þær stríðsglæpur.

Þá var ítrekuð sú afstaða að notkun kjarnorkuvopna eða efnavopna



Olaf Scholz Þýskalandskanslari hlýðir á Zelenskyj Úkraínuforseta á fundinum. **FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY**

myndi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir Rússland.

Ekki var greint frá því hverjar afleiðingarnar yrðu en fyrrverandi herforingjar Bandaríkjahers hafa lýst því yfir hvað þeir teldu líklegast. Það er að Atlantshafsbandalagið myndi taka beinan þátt í stríðinu, meðal annars með loftárásum á allar bækestiðvar Rússa í Úkraínu og tortímingar Svartahafsflotans og Kerch-brúarinnar. Talið er að þessum skilaboðum hafi verið komið til stjórnsvalda í Kremli í einkasamtölum. ■



Lilja Alfreðsdóttir segir að hún geti ekki afturkallað skipan Hörpu Þórsdóttur í embætti Þjóðminjavarðar. Nokkrir þingmenn vilja að heimildir til flutnings embættismanna án auglýsingar verði þrengdar. **FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN**

Lilja segir að afturköllun myndi skapa réttaróvissu

Menningarmálaráðherra segir að afturköllun skipanar Þjóðminjavarðar sé háð ströngum skilyrðum. Frumvarp er komið fram sem þrengir heimildir til flutnings embættismanna án auglýsingar.

bth@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Tillaga að flutningi Hörpu Þórsdóttur, safnstjóra Listasafns Íslands, yfir í stöðu Þjóðminjavarðar, barst ráðherra frá embættismönnum ráðuneytisins. Þetta kemur fram í svörum Lilju Alfreðsdóttur menningarmálaráðherra við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Áður hefur Lilja sagt í fjölmiðlum að tillagan hafi komið fram hjá Skúla Eggerti Þórðarsyni ráðuneytisstjóra.

„Ákvörðun um að flytja Hörpu Þórsdóttur var eingöngu byggð á málefnalegum sjónarmiðum og á grundvelli þess að efla frekar þjóðminjasafnið og færa safnið inn í nýja tíma með því að skipa hæfan og reyndan safnstjóra til starfans,“ segir í svari Lilju.

Lilja hefur sagt að hún geti ekki afturkallað eigin skipan þrátt fyrir hávær mótmæli og kröfu þar um hjá hluta safnafólks, fornleifafræðingum og fleirum. Segir í svari ráðherra að heimildir stjórnvalds til að breyta og/eða afturkalla ákvörðun séu „mjög takmarkaðar og háðar þröngum skilyrðum“. Vísar er til rits um Stjórnsýslulögin eftir Pál Hreinsson frá 1994 þar sem segir:

„Ef stjórnvöld hefðu alveg frjálslar hendur um það hvort og hvenær þau tækju ákvarðanir til endurskoðunar, myndi rísa óviðunandi réttaróvissa. Af þeim sökum eru reistar skordur við því, bæði í skráðum og óskráð-



Ef stjórnvöld hefðu alveg frjálslar hendur um það hvort og hvenær þau tækju ákvarðanir til endurskoðunar myndi rísa óviðunandi réttaróvissa.

Lilja Alfreðsdóttir, menningarmálaráðherra



Lilja Alfreðsdóttir

ákvæði greinar um flutning embættismanna gildi ekki um skipan í embætti ráðuneytisstjóra og taki ekki til allra embættismanna. Reglur um auglýsingar starfa verði þrengdar. Hnykk er á að flutningur embættismanna sé undantekning frá almennri meginreglu um auglýsingaskyldu.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um að dómarráð, embættismenn við dómstóla og dómstólasýsluna og embættismenn sem starfa á vegum Alþingis og eftirlitsstofnana þess, það er skrifstofustjóri Alþingis, umboðsmaður Alþingis og ríkisendurskoðandi, verði með öllu undanskildir ákvæðinu. Þannig verði tekinn af allur vafi um að ákvæðið heimilar ekki flutning milli hinna þriggja valdpátta ríkisins og tekur aðeins til flutnings embættismanna á vegum framkvæmdavaldsins.

„Með þessu er brugðið við því hættulega fordæmi sem var sett hinn 27. janúar 2022 þegar þáverandi ríkisendurskoðandi var fluttur yfir til nýs menningar- og viðskiptaráðuneytis og skipaður þar ráðuneytisstjóri með vísan til 36. gr. laga nr. 70/1996, en slík beiting ákvæðisins er ógn við sjálfstæði þeirra eftirlitsstofnana sem starfa á vegum Alþingis sem liður í eftirlitshlutverki þess gagnvart framkvæmdavaldinu,“ segir í greinargerð með frumvarpinu. ■



Helgi Ólafsson stendur fyrir framan drekkann sinn.

MYND/ HELGI JÓNSSON

Rafvirki lét smíða eldspúandi dreka

bth@frettabladid.is

RAUFARHÖFN Helgi Ólafsson, 93 ára rafvirki á Raufarhöfn, fékk fyrir nokkrum árum hugmynd um að smíða dreka úr járni og setja upp á hafnarsvæðinu.

Framan af segir Helgi að lítið hafi gengið að koma hugmyndinni í framkvæmd, svo hafi komist skriður á málið. Sonur hans er í hópi þeirra sem hafa komið að smíði drekans.

Fyrsta október síðastliðinn var drekkinn svo vígður á hafnarsvæðinu. Helgi segir að sér hafi verið í mun að minnst sildaráranna, umsvifanna í bænum og sögu áræðis. Drekkinn er landvættur fjórðungsins.

Helgi hefur afhent sveitarfélaginu drekkann til eignar og umsjónar og stendur hann fyrir framan Hótel

Norðurljós. Eldurinn er knúinn með olíu.

Kaffiveisla fór fram í Breiðabliki, félagsheimili aldraðra á Raufarhöfn að vígslu lokinni.

„Ég vona að drekkinn verði þekkt kennileiti í bænum, þótt ég viti að Heimskautsgerðið verði alltaf í fyrsta sæti hér,“ segir Helgi, sem vonast til að drekkinn auki enn aðsókn ferðamanna, sem þó hefur verið með mesta móti í sumar.

Aldurshöfðinginn kveðst gláður að hafa náð þessu markmiði sínu áður en hann heldur til friðsælli veiðilenda. Hann er kvæntur Stellu Þorlákudóttur frá Siglufirði og eiga þau sex börn, hann er handhafi fálkaorðu og var útnefndur iðnadamadur ársins fyrir tveimur árum.

Helgi starfar enn við tilfallandi rafvirkjun og hefur alla tíð verið sinn eigin atvinnurekandi. ■

TÖFRAR ÓSKASKRÍNS

– FELAST Í UPPLIFUN TIL AÐ NJÓTA



Kannski dettur vinum þínum og vandamönnum sjaldan í hug að gera eitthvað fyrir sjálfa sig þó að þeir eigi það svo sannarlega skilið. Þá er tilvalið að gefa þeim Óskaskrín.

Skoðaðu úrvalið af skrínum á vefsíðu okkar, oskaskrin.is.

Fæst í Pennanum Eymundsson, Hagkaup og á oskaskrin.is.



Eymundsson

HAGKAUP

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is



Óskaskrín



Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir minni hagvexti hér á landi í ár en Seðlabanki Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Minni hagvexti spáð á þessu ári

olafur@frettabladid.is

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að hagvöxtur hér á landi verði 5,1 prósent í ár, 2,9 prósent á næsta ári, 2,6 prósent 2024 og 2,4 prósent 2025. Í spá sjóðsins til lengri tíma er því spáð að áfram dragi úr hagvexti hér á landi árin 2026 og 2027.

Þessi hagvaxtarspá er talsvert undir þeirri spá sem Seðlabanki Íslands kynnti í síðustu viku, en bankinn reiknar með 5,9 prósentu hagvexti í ár en svo dragi úr hagvexti á næsta ári. Spá Íslandsbanka er enn bjartsýnni, en bankinn spáir 6,8 prósentu hagvexti á árinu.



Samkvæmt þessu fer verðbólga ekki niður í 2,5 prósentu verðbólgu markmið Seðlabankans fyrir árið 2026.

Þá spáir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn því að ársverðbólgan hér mælist 8,4 prósent og lækki hægt á komandi árum. Þannig verði verðbólgan á næsta ári 6,7 prósent, 4,1 prósent 2024 og 2,7 prósent 2025. Samkvæmt þessu fer verðbólga ekki niður í 2,5 prósentu verðbólgu markmið Seðlabankans fyrr árið 2026.

Sjóðurinn telur að skuldir íslenska ríkisins fari lækkandi, úr tæpum 75 prósentum af landsframleiðslu í byrjun þessa árs og undir 50 prósent 2027. Einnig telur sjóðurinn að draga muni úr viðskiptahalla og jafnvægi komast á utanríkisviðskipti Íslands árið 2024.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn reiknar með að gengi krónunnar muni lækka um fimm prósent fram til 2027. ■

ThinkPad fagnar þrjátíu ára afmæli



Ólafur Arnarson olafur@frettabladid.is

Erfitt er að gera sér í hugarlund heiminn án einkatölva sem við berum með okkur hverja stund, hvert sem við förum. Fartölvur, spjaldtölvur, snjallsímar, jafnvel snjallúr – nánast öll okkar eru með eitt slíkt tæki eða fleiri við höndina allar okkar vökustundir.

Eitt þeirra fyrirtækja sem gerði sig gildandi á tölvumarkaði þegar einkatölvur voru að ryðja sér rúms fyrir um fjórum áratugum var IBM, fyrst með IBM PC tölvuna.

Þann 5. október árið 1992 fæddist svo fyrsta ThinkPad fartölvun, sem var fyrsta raunverulega ferðatölvun frá IBM og breytti leiknum. Tölvun hét ThinkPad 700c. Hönnuðir IBM horfðu til hins japanska Bento nestisbox þegar þessi klassíska vél var hönnuð, sem vann yfir 300 verðlaun á tveimur mánuðum.

ThinkPadinn varð strax stöðugtákn og hefur þjónað á fjarlægustu stöðum heimsins ásamt ótal ferðum út í geim. ThinkPad hönnunin sam-einar form og notagildi á einstakan hátt ásamt því að bæta upplifun notandans með áherslu á gæði. 30 árum síðar eru nýjustu vélarnar enn auðþekjanlegar sem hin einstaka ThinkPad fartölva, jafnvel þótt IBM-nafnið sé löngu horfið af henni. Nú eru það vélar frá Lenovo sem bera ThinkPad-merkið. Ættarsvipurinn leynir sér hins vegar ekki

Björn Gunnar Birgisson, vörustjóri ThinkPad hjá Origo, segir margt hafa breyst síðan fyrsta ThinkPad tölvun var kynnt til leiks.

„Það er búið að vera ótrúlega gaman að fylgjast með tækniþróun síðustu ára, vinna með flottasta framleiðandanum og sjá fartölvur þróaðar úr rúmlega 3 kg vélum í 1 kg á meðan afköst hafa rúmlega 200 faldast.“

30 ár eru langur tími í tölvuheiminum þar sem lögmál Moore lifir góðu lífi og hafa verið framleiddar um 200 milljón ThinkPad fartölvur á þeim tíma. Fyrstu vélnarar kostuðu nánast bilverð en það hefur aldeilis breyst.

Björn Gunnar, sem hefur starfað



ThinkPad 700c sem meðal annars var hægt að spila Microsoft Solitaire kapál í.



sem vörustjóri ThinkPad í rúmlega 20 ár, segir ferðalagið hafa verið magnað og flestir átti sig ekki á því hversu mikið frelsi ThinkPad hafi veitt notendum.

„Hönnuðir ThinkPad halda í japanskar hefðir í bland við hátækni morgundagsins og hafa verið leiðandi þegar kemur að innleiðingu nýjunga. Það er samt eitthvað notalegt við það að vita að hverju notandinn gengur þegar hann endurnýjar ThinkPad vélina sína. Hágæðavara og frábær árangur í þjónustu hefur skilað sér í yfir 50 prósentu markaðshlutdeild á fyrirtækjamarkaði enda segi ég alltaf að allir eigi skilið að fá ThinkPad,“ segir Björn að lokum. ■

Björn Gunnar, vörustjóri ThinkPad, árið 2010 með ThinkPad fartölvu. Takið eftir IBM rúllukragapeysunni.



Það er samt eitthvað notalegt við það að vita að hverju notandinn gengur þegar hann endurnýjar ThinkPad vélina sína.

Björn Gunnar Birgisson

Nokkrir áfangar úr sögu ThinkPad

- **1992** Fyrsti ThinkPadinn litur dagsins ljós
- **1993** Fyrsti ThinkPadinn fer út í geim
- **2004** Fingarfaraskanni kemur til sögunnar á ThinkPad
- **2005** Lenovo kaupir ThinkPad og kynnir hann sem spjaldtölvu
- **2008** ThinkPad úr koltrefjum kemur til sögunnar
- **2012** ThinkPad X1 Carbon með mikla vinnslugetu kynntur
- **2015** Meira en 100 milljón ThinkPadar seldir frá upphafi
- **2022** ThinkPad Z úr endurnu áli með vegan „leðri“ kynntur

Hafa leyst stórt vandamál í ferðaþjónustunni

magdalena@frettabladid.is

Dave Stewart, framkvæmdastjóri Travelshift, segir að fyrirtækinu hafi tekist að leysa vandamál í ferðaþjónustunni sem ekkert annað fyrirtæki hafi náð að leysa.

„Sú lausn er tengiferðin. Það er að segja þú getur bókað allt sem þú vilt bóka á einum stað. Hvort sem það er flug, bílaleigubílar, hótél eða jafnvel veitingastaðir,“ segir Dave.

Travelshift er móðurfélag Guide to Iceland, Guide to Europe og Guide to Philippines.

Árið 2021 hjá Travelshift ein-kennist af Covid heimsfaraldri og áframhaldandi fjárfestingu í hugbúnaðarþróun og hugverkaréttindum. Fyrirtækið sá smám saman aukningu í bókunum árið 2021 frá Covid-lægðunum 2020.

Dave bætir við að ástæðan fyrir því að hann tók við starfi forstjóra Travelshift hafi verið sú að hann sá



Fyrirtækið hefur haldið áfram að fjárfesta í hugbúnaðarþróun til að ná söluvexti á alþjóðavísu.

mikil tækifæri og vaxtarmöguleika í fyrirtækinu.

„Fyrirtækið hefur haldið áfram að fjárfesta í hugbúnaðarþróun til að ná söluvexti á alþjóðavísu. Nafni félagsins var breytt í Travelshift úr Guide to Iceland til að endurspeglja áframhaldandi umskipti þess úr



Dave Stewart, framkvæmdastjóri Travelshift.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

markaðstorgi sem markaðssetur og endurselur íslenska ferðaþjónustu, í ferðatækniyrirtæki sem hefur þróað alþjóðlega lausn,“ segir Dave.

„Sem hluti af þessari stefnu hefur nú verið hleypt af stokkunum vefsíðunni guidetoeurope.com þar sem ferðamenn geta bókað frá alls staðar í Evrópu. Gert er ráð fyrir að fjárfestingar árið 2021 verði að veruleika á þessu ári þar sem við kynnum Guide to Europe og gerum ráð fyrir að geta byggt á þekkingu fyrirtækisins til að ná umtalsverðum vexti á evrópskum markaði,“ segir Dave enn fremur.

Dave bendir einnig á að horfur fyrir Guide to the Philippines, sem er sameiginlegt verkefni með Philippine Airlines, séu nokkuð bjartar þar sem Filippseyjar eru nú að opna landamæri sín fyrir ferðamönnum í kjölfar mjög strangra Covid-takmarkana sem settar voru árið 2020. ■

Þróa hugbúnað sem eflir sköpunargleði



Magdalena Anna
Torfadóttir
magdalena
@frettabladid.is

Framkvæmdastjóri nýsköpunarfyrirtækisins Bulby segir að mikil tækifæri liggja í því að efla sköpunargleði einstaklinga og fyrirtækja því þannig megi ná meiri árangri. Markmið fyrirtækisins er að efla sköpunargleði í heiminum með því að gera sköpunargleðiþjálfun aðgengilega.

Nýsköpunarfyrirtækið Bulby vinnur að því að þróa sköpunargleði-hugbúnað sem byggir á rannsókuðum aðferðum sem leiða notandann í gegnum sköpunargleðiæfingar, sem gera honum kleift að sjá nýjar og nytsamlegar lausnir.

Birna Dröfn Birgisdóttir, framkvæmdastjóri Bulby, segir að hugmyndin hafi kviknað út frá doktorsnámi hennar.

„Þar var ég að rannsaka sköpunargleði og því meira sem ég rannsakaði og skoðaði, því meira komst ég að því hversu frábær eiginleiki þetta er,“ segir Birna.

„Þegar ég lenti í bílslysi lærði ég ótrúlega mikið um hvernig heilinn virkar og hvernig við getum endurförrið hann og slikt. Sá lærdómur hefur nýst mér við þróun hugbúnaðarins.“

Birna segir að rannsóknir benda til þess að við séum öll skapandi og getum orðið meira skapandi.

„Sköpunargleði er ein mikilvægasta auðlind nútímans og fyrirtæki verða að nýta hana og efla. Þess vegna er sorglegt að sjá að rannsóknir benda til þess að sköpunargleði fólks hafi minnkað frá 1950. Ástæða þess er talin vera sú að mikill hraði sé í samfélaginu. Adobe og IBM hafa rannsakað fyrirtæki úti um allan heim og komist að því að sköpunargleði er eftirsóttasti eiginleikinn á vinnumarkaði og sá sem erfiðast er að finna.“

Birna bætir við að sá hópur sem þau vilji byrja á að þjónusta sé fólk sem býr til efni fyrir samfélagsmiðla.

„Sá hópur þarf að búa til efni virkilega ört svo það er mikilvægt að þau séu skapandi. Við getum hjálpað þeim að ýta undir skapandi hugsun til að sjá nýja vinkla til að miðla efni á sínum samfélags-



Sköpunargleði er ein mikilvægasta auðlind nútímans og fyrirtæki verða að nýta hana og efla.

Birna Dröfn Birgisdóttir, framkvæmdastjóri Bulby

miðlum. Við getum bæði hjálpað fyrirtækjum og einstaklingum að fá nýjar og skemmtilegar hugmyndir að efni fyrir samfélagsmiðla sína.“

Birna tekur dæmi sem sýnir hvernig einstaklingurinn er leiddur í gegnum sköpunarferlið.

„Segjum til að mynda að ég ætli að búa til efni um sköpunargleði. Þá er ég leidd í gegnum æfingar eins og til dæmis að tengja tilviljanakennd orð við viðfangsefni mitt, sem gæti verið að tengja sköpunargleði og laufblað saman. Laufblað minnir mig á haustið og haustið minnir á skólann. Út frá þessu fæ ég þá hugmynd að skrifa um hvað nemendur geta gert í skólanum til þess að efla sköpunargleðina, sem er svo mikilvægt þar sem hún er helsta auðlind framtíðarinnar.“

Á bak við Bulby ásamt Birnu er Hannes Agnarsson Johnson, sem sér um vörubróun og markaðsmál.

Birna segir að markmið Bulby sé að efla sköpunargleði í heiminum og þau stefni mjög langt með þessa hugmynd.

„Við erum að leita að fjármagninu og höfum fengið virkilega góð viðbrögð frá öllum. Við erum í rauninni bara alveg hissa og áttum ekki von á þessu. Fjárfestar hafa haft samband við okkur að fyrra bragði og fyrirtæki lýst yfir vilja til að kaupa hugbúnaðinn fyrir alla starfsmenn. Við erum virkilega þakklát fyrir hversu vel hefur verið tekið í þetta.“

Birna bendir á að ávinningurinn af því að efla sköpunargleðina sé margvíslegur fyrir einstaklinga, fyrirtæki og samfélagið í heild.

„Rannsakendur hafa skoðað fyrirtæki sem leggja áherslu á sköpunargleðina og séð að þau vaxa margfalt hraðar en þau sem gera það ekki. Rannsóknir sýna einnig að það að efla sköpun getur aukið hamingju og dregið úr kvíða og þunglyndi fólks. Það getur ýtt undir starfsánægju, minnkað líkur á kulnun og verið mikill ofurkraftur. Min ósk er sú að sem flestir átti sig á að við erum öll skapandi og getum orðið meira skapandi og gert lífið bara svo miklu skemmtilegra.“ ■

Birna Dröfn Birgisdóttir, framkvæmdastjóri og Hannes Agnarsson Johnson, sem sér um vörubróun og markaðsmál hjá Bulby.

MYND/ADSEND

Á alltof mörg áhugamál miðað við frítíma

■ Svipmynd

Margrét Kristín Pétursdóttir

Nám: Bsc. í líftækni frá Háskólanum á Akureyri.

Störf: Forstöðumaður gæðamála hjá Vísi hf. í Grindavík og formaður Kvenna í sjávarútvegi.

Fjölskylduhagir: Gift Jóhanni Helgasyni og saman eiga þau þrjú dásamleg börn, Helga Hafstein, 14 ára, Kamillu Kristínu, 10 ára, og Árna Hafberg, 5 ára.

Margrét Kristín Pétursdóttir er forstöðumaður gæðamála hjá Vísi hf. í Grindavík og formaður Kvenna í sjávarútvegi. Hún hefur gaman af golfi og jóga og væri til í að verða jógakennari ef hún þyrfti að velja sér annan starfsframa.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Ég á alltof mörg áhugamál miðað við frítíma. Golfið er alltaf að verða skemmtilegra og skemmtilegra eftir því sem manni fer fram, þó svo að forgjöfin sé ennþá leiðinlega há. Jóga er stórt áhugamál og í raun eitt-hvað sem maður tileinkar sér í verkefnum lífsins. Ég hef verið að kenna í Orkustöðinni í Keflavík, sem er frábær leið til að jarðtengja sig eftir

annasaman dag. Ég elska útivist og utanvegahlaup eru þar í miklu upphaldi. Sameiginlegt áhugamál fjölskyldunnar er fótbolti og hafa allir æft fótbolta af miklu kappi, þó svo að ég og elsti sonurinn séum þau einu sem hafa verið Íslandsmeistarar. Stangveiði er síðan að koma sterk inn.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Salka Valka og svo sat Nóttin sem öllu breytti: Snjóflóðið á Flateyri lengi í mér.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum miss-erum?

Það koma upp alls konar krefjandi verkefni en það sem stendur kannski mest upp úr er að halda sönsun í Covid-faraldrinum. Samkomutakmarkanir voru ekki fyrir mig og gerðu allt aðeins erfiðara.

Hvaða áskoranir eru fram undan?

Mér hlotnaðist sá heiður að vera kosin formaður Kvenna í sjávarútvegi. Félagið þykir mér vænt um og það hefur unnið gott verk í að auka sýnileika kvenna í greininni. Þó svo að strákarnir í greininni séu flottir er nauðsynlegt að fá fleiri konur í sjávarútveginn. Það er nóg af verkefnum fram undan hjá félaginu og mun ég leggja mig alla fram við að efla félagið enn frekar.



Margrét Kristín Pétursdóttir segir að hennar upphaldsborg sé New York.

MYND/ADSEND



Mér hlotnaðist sá heiður að vera kosin formaður Kvenna í sjávarútvegi. Félagið þykir mér vænt um og það hefur unnið gott verk í að auka sýnileika kvenna í greininni.

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

Ætli ég verði ekki komin undir 15 í forgjöf og búin að klífa einhver svaklega fjöll í toppformi. Ég ætla að vera sátt við þau verkefni sem ég hef tekið að mér og hafa ástríðu fyrir þeim verkefnum sem á mínu borði verða.

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Jógakennari á Balí.
Hver er upphaldsborgin þín?
New York. ■

Alltaf gott að fá rassskellingu



Garðar Örn Úlfarsson
gar
@frettabladid.is

Fyrir fimm dögum sagði frá því hér í Fréttablaðinu að Reykjavíkurborg hefði sniðgengið lög um upplýsingamál er hún neitaði að afhenda blaðinu óskert gögn varðandi skipulagsmál við Einimel. Embættismönnum þótti bagalegt að upplýsa hverjir unnu að samningnum um stækkun einbýlishúsalóða. Því var hreinlega strikað yfir nöfnin.

Þrátt fyrir ítrekun neitaði borgin að afhjúpa nöfn þeirra sem sátu við borðið er samið var um að gefa eftir land aftan við Vesturbæjarlaug. Þegar borginni var bent á að leitað yrði til úrskurðarnefndar um upplýsingamál var svarið: „Ekkert mál, alltaf gott að fá úrskurð.“

Sér til málsbóta vísaði borgin meðal annars í lög um persónuvernd. „Lög þessi takmarka ekki þann rétt til aðgangs að gögnum sem mælt er fyrir um í upplýsingalögum og stjórnsýslögum,“ segir reyndar í þeim lögum. Skýrt, en borgin kvaðst ekki sammála.

„Markmið laga þessara er að tryggja gegnsæi í stjórnsýslu og við meðferð opinberra hagsmuna,“ segir í upplýsingalögum. Tilgangurinn sé að styrkja upplýsingarétt og tjáningarfrelsi, möguleika almennings til þátttöku í lýðræðissamfélagi og traust almennings á stjórnsýslunni.

Öll markmið löggjafans lagði borgin til hliðar. Af hverju? Jú, til að forðast umfjöllun sem embættismenn töldu geta orðið óþægilega.

Fyrir úrskurðarnefndinni bar borgin fyrir sig að hún teldi hafa verið edlilegt að stíga varlega til jarðar. Heit umræða hefði verið um málið á netmiðlum. Opinberir starfsmenn væru oftar nafngreindir í fjölmiðlum en áður og bendlaðir á neikvæðan hátt við einstök mál. Miðlun nafna til fjölmiðla væri ekki nauðsynleg.

Þessar viðbáruur fá engan hljómgrunn. „Það hefur grundvallarþýðingu út frá réttaröryggis-sjónarmiðum að upplýst sé um nöfn einstaklinga sem koma að meðferð mála í stjórnsýslunni hvort sem þeir eru kjörnir fulltrúar eða starfsmenn stjórnvalds,“ segir úrskurðarnefndin.

Skeytingarleysi Reykjavíkurborgar um rétt almennings til upplýsinga um verk stjórnsýslunnar er skammarlegt. Það er þó ekkert einsdæmi því þótt sumir opinberir aðilar gangi um lögin af virðingu þverskallast fjölmargir þeirra við, flækjast fyrir og leitast við að eyða málum.

Kannski taka syndaselirnir sig á og sýna að þeim sé treystandi fyrir því sem við trúum þeim fyrir. ■

”
Skeytingarleysi Reykjavíkurborgar um rétt almennings til upplýsinga um verk stjórnsýslunnar er skammarlegt.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Methafar

Ísland á met meðal OECD-ríkja í byrði launakostnaðar hins opinbera. Ekkert ríki ver hlutfallslega hærra hlutfalli af verðmætasköpun sinni í laun opinberra starfsmanna. Þetta er meðal þess sem má lesa í umsögn Samtaka atvinnulífsins um fjárlög íslenska ríkisins. SA hafa talað lengi um að hlutur hins opinbera í hagkerfinu sé of stór að þessu leyti með mikilli fjölgun opinberra starfsmanna og launaþróun hins opinbera sé á ósjálfbærri leið með sífelldum hækkunum umfram svigrúm.

Ríkið kæfir samkeppni

Ríkisstarfsmenn eru í einstakri stöðu. Það er ekkert hægt að reka þá. Það er trúlega besti dill í heimi að komast á spenann hjá ríkinu. Ríkið verður að geta rekið fólk sem sinnir ekki vinnunni sinni eða gerir hana illa. Annað er galinn hugsunarháttur. Enda benda SA á að þessi þróun að ríkið sé að sankna að sér fólk sé ekki sjálfbær til lengri tíma. Góð laun og önnur kjör umfram almennan vinnu-markað valda því að starfsfólk hefur valið að færa sig yfir til hins opinbera, ekki sist vegna þess að hið opinbera hefur leitt launaþróun á undanförunum árum, segja SA. Er þetta hlutverk ríkisins? Að kæfa einkageirann? ■

Loftslag, líf skjör og lýðræði



Borgerður Katrín Gunnarsdóttir
formaður
Viðreisnar

Haustfundur Landsvirkjunar í síðustu viku varpaði sterku ljósi á stöðu orkumála á Íslandi og í umheiminum og tengsl þeirra við orkuskipti og losun gróðurhúsalofttegunda. Einnig birtist þar veikleiki ríkisstjórnarinnar í málaflökknun. Alla forystu skortir.

Ríkisstjórnin birti í byrjun mars stöðuskýrslu um orkumál. Þar voru settar fram nokkrar sviðsmyndir sem segja má að skiptist í tvær meginleiðir til að ná fullum orkuskiptum fyrir 2040.

Önnur leiðin gerir ráð fyrir aukinni raforkuvinnslu og hóflegum hagvexti. Hin leiðin felur í sér lokun stóriðju, hverrar orka nýtist þess í stað í orkuskipti. Sú leið felur í sér minni hagvöxt, efnahagslega óvissu og hættu á tilfærslu kolefnislosunar stóriðjunnar til annarra landa frekar en raunverulegan samdrátt.

Vilhjálmur Egilsson, sem stýrði vinnunni um stöðuskýrsluna, kom fram á dögum og lýsti stuðningi við fyrri leiðina. Það varð til þess að Orri Páll Jóhannsson, formaður þingflokks VG, steig fram og talaði verulega óskýrt fyrir einhverri útgáfu af seinni leiðinni, ásamt því að saka Vilhjálm um ítrustu ófgar.

Flestir áttu von á því að umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra myndi eyða þessari óvissu um stefnu stjórnvalda á haustfundi Landsvirkjunar en hann kaus að opna fundinn með því að leida þetta val hjá sér rétt eins og köttur, sem fer í kringum heitan graut.

Forstjóri Landsvirkjunar lauk fundinum hins vegar með skörpum rökstuðningi fyrir fyrri leiðinni. Hann flutti ræðuna og rökin, sem ég hygg að flestir hafi átt von á að kæmu frá ráðherranum.

Ég skil ráðherrann þannig að hann sé á sömu skoðun. Hann getur bara ekki sagt það berum orðum til að ögra ekki VG. Ríkisstjórnin á að hafa forystu um þetta val og Alþingi að taka ákvörðunina. En það er togstreita innan ríkisstjórnar. Meðan hún treyrist sér ekki til að varða leiðina og segja skýrt hvornig orkuskiptum skuli náð er hætta á að framvindan ráðist af sérhagsmunum frekar en almanna-hagsmunum. Þetta veikir lýðræðið og trú almennings á vegferðinni. ■

”
Einnig birtist þar veikleiki ríkisstjórnarinnar í málaflökknun. Alla forystu skortir.

FRÉTTAVAKTIN
KL. 18.30

Fréttaumfjöllun fyrir alla.
í opinni dagskrá á virkum dögum
á Hringbraut og frettabladid.is

FRÉTTA VAKTIN

HRINGBRAUT



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

MIÐVIKUDAGUR 12. október 2022



Það er einstaklega skemmtilegt að heimsækja Tókýó. FRÉTTABLAÐIÐ/ELÍN

Japan opnar fyrir ferðamenn á ný

elin@frettabladid.is

Eftir að hafa verið lokað fyrir ferðamönnum í tvö og hálf ár opnast nú Japan á nýjan leik. Stjórnvöld vonast til að ferðamenn muni styrkja jenið og setji kraft í efnahagslíf landsins.

Japan lokaði landamærum sínum snemma þegar heimsfaraldurinn skall á og á tímabili var Japönnum sjálfum sem voru á ferðalagi bannað að koma heim. Nú gefst ferðamönnum sem sagt kostur á að ferðast til landsins fallega og samkvæmt nýjum reglum þurfa 68 lönd ekki vegabréfsáritun sem er nýjung. Hins vegar þurfa ferðamenn að framvísa bólu-setningarvottorði og neikvæðu Covid-prófi sem má ekki vera eldra en þriggja daga.

Árið 2019 heimsóttu 31,9 milljónir útlendinga Japan en stjórnvöld höfðu það markmið að ná 40 milljónum árið 2020 þegar heimsfaraldurinn skall á en þá áttu Ólympíuleikarnir að fara þar fram.

Enn með grímur

Tala dauðsfalla í Japan í Covid var 45.500 sem er mun minna en í mörgum öðrum iðnríkjum. Japanir ganga enn með grímur bæði úti og inni þótt það sé ekki skylda lengur. Mörg hótél vilja enn að fólk beri grímur, að því er Jyllands Posten greinir frá, og stjórnvöld hafa í hyggju að leyfa þeim að vísa gestum frá sem neita að bera grímur. ■

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

QUICK CALM

Velliðan - skerpa
FLJÓTVIRKTFæst í Fjarðarkaup, www.celsus.is

Hugurinn leitaði annað, segir segir Hilmar Snær Örvarsson sem hefur lagt skiðin á hilluna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þetta var erfið ákvörðun

Skíðakappinn Hilmar Snær Örvarsson tilkynnti á dögunum að hann hefði ákveðið að leggja keppnisskiðin á hilluna en þessi 22 ára gamli Garðbæingur hefur átt góðu gengi að fagna í skíðabrekkunum, bæði hér heima og erlendis. **2**



Hilmar Snær var útnefndur íþróttamaður ársins af Íþróttasambandi fatlaðra fyrir tveimur árum.
FRÉTTABLAÐIÐ/
STEFÁN



Guðmundur Hilmarsson gummih @frettabladid.is

„Þetta var erfið ákvörðun sem ég var búinn að hugsa lengi um en ég er feginn að vera búinn að taka hana. Ég fór að huga að þessu eftir Ólympíuleikana í mars og nú liggur þetta ljóst fyrir. Ástæðan fyrir því að ég lagði keppnisíkið á hilluna er margþætt, margir hlutir sem spila inn í þessa ákvörðun hjá mér, en helsta ástæðan er að hugurinn leitaði annað,“ segir Hilmar Snær en hann er á þriðja ári í rafmagnsverkfræði við Háskóla Íslands. Hann klárar það nám eftir eitt ár og síðar stefnir hann á mastersnám.

Hilmar Snær er einfættur en þegar hann var átta ára gamall greindist hann með krabbamein í vinstri fæti. Taka þurfti stóran hluta af öðrum fæti hans en það hefur ekki aftrað honum frá því að stunda íþróttir. Skíðin hafa verið í fyrsta sætinu en Hilmar er einnig snjall kyflingur og stundaði aðrar íþróttir áður en hann greindist með krabbameinið. Hilmar er með gervifót sem hann gengur um á alla daga.

„Ég er búinn að æfa og keppa á skíðum í tólf ár og frá árinu 2016 hef ég tekið þátt í mörgum mótum erlendis,“ segir Hilmar en hann keppti á sínum öðrum Ólympíuleikum í Peking í marsmánuði þar sem hann náði frábærum árangri. Hilmar varð í fimmta sæti í svigi á leikunum sem er besti árangur íslensks skíðamanna í alpagreinum á Ólympíuleikum fatlaðra. Áður hafði hann fyrstur Íslendinga fagnað sigri í heildarstigakeppni í Evrópumótardönni í alpagreinum þegar hann vann þrenn gullverðlaun í svigi og silfurverðlaun í stórsvigi á lokamótinu sem fram fór í Zagreb í Króatíu á síðasta ári. Þá varð hann fimmti í svigi á heimsmeistarumótinu í Lillehammer nú í janúar. Hilmar var kjörinn íþróttamaður ársins hjá Íþróttasambandi fatlaðra og Garðabæjar fyrir árið 2020.

Þetta var erfið ákvörðun sem ég var búinn að hugsa lengi um en ég er feginn að vera búinn að taka hana.

Hilmar Snær Örvarsson

Skemmtilegur tími

„Þegar ég lít til baka þá hefur þetta verið virkilega skemmtilegur tími. Aðstæðurnar hér heima á Íslandi eru ekki þær bestu fyrir skíðafólk og ég hef því mikið verið að æfa og keppa erlendis síðustu árin. Ef ég hefði tekið ákvörðun um að halda áfram á keppnisíkið þá hefði ég þurft að vera meira og minna erlendis og það kallaði ekki til mín,“ segir Hilmar Snær.

Spurður hvað standi upp úr á ferli hans segir Hilmar: „Síðustu Ólympíuleikar í Peking standa klárlega upp úr. Þá nefni ég heimsmeistarumótin tvö þar sem ég var nálægt því að komast á verðlaunapall, sigur á heimsbikarmóti og að vinna Evrópumótardönnina. Það hefur tekið mikinn tíma að komast svona langt og mikil vinna að baki. Ég á mörgum mjög mikið að þakka og þar get ég nefnt Íþróttasamband fatlaðra sem hefur staðið rosalega vel við bakið á mér, alla þjálfarana sem hafa unnið með mér og styrktaraðilana,“ segir Hilmar.

Sjaldgæf aðgerð

Hilmar lagði stund á fleiri íþróttir en þegar hann var átta ára gamall urðu miklar breytingar þegar hann greindist með krabbameinið.

„Ég fór í aðgerð í Svíþjóð

snumma árs 2009. Þetta er sjaldgæf aðgerð. Fóturinn var ekki allur tekinn af og er ökklinn nýttur sem hné sem virklar bara mjög vel. Áður en þetta gerðist var ég í fótbolta, handbolta og körfubolta en það kom aldrei til greina að hætta að hreyfa mig þótt ég hefði lent í þessu. Ég tók skíðin föstum tókum og hef spilað mikið golf. Þá er ég búinn að æfa CrossFit í fimm

ár,“ segir Hilmar Snær, sem er með tæplega einn í forgjöf í golfinu.

Hilmar segist búinn að vera duglegur að spila golf í sumar. „Ég spilaði heilmikið golf með vinum en tók einungis þátt á einu móti í sumar.“

Þótt Hilmar hafi ákveðið að leggja skíðin á hilluna ætlar hann ekki alveg að slíta sig frá skíðabrekkunum. „Planíð hjá mér er að þjálfa hjá Vikingi og ÍR í vetur. Ég verð að þjálfa átta og níu ára börn og það verður bara gaman.“

Spurður út í námið og rafmagnsverkfræðina segir Hilmar: „Upphaflega skræði ég mig læknisfræðilega verkfræði í Háskóla Íslands en ég skipti svo yfir í rafmagnsverkfræðina. Með því fannst mér það opna fleiri dyr fyrir mig í framtíðinni fyrir áframhaldandi nám og fleira. Þetta er mjög þungt og krefjandi nám en í leiðinni mikil áskorun.“ ■



Hilmar hefur gert það gott á mótum erlendis á undanföllum árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fyrirtækjagjafir

MIÐVIKUDAGUR 12. október 2022

KYNNINGARBLAÐ

Kynningar: Óskaskrín, ELKO, 66°Norður, Flyover Iceland, GER.



Erla Mjöll Tómasdóttir og Hrönn Bjarnadóttir sýna Óskaskrín á stafrænu formi í símanum en þau eru líka fánleg í hefðbundnum öskjum eins og sjást á borðinu fyrir framan þær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Óskaskrín býður nú rafræn gjafakort í símann

Nú er hægt að gefa Óskaskrín með rafrænum hætti og nota gjafakortið rafrænt úr veski í símanum. Fyrirtæki geta keypt Óskaskrín fyrir starfsfólkið sitt sem send eru til þess í tölvupósti í stað hinnar hefðbundnu pappaöskju.

„Þessa dagana erum við kynna þá frábæru nýjung að hægt er að gefa Óskaskrín með rafrænum hætti. Óskaskrínin eru send í tölvupósti í stað þess að afhenda þau í pappaöskju eins og venjan hefur verið. Starfsmaðurinn hleður svo gjafakortinu með einföldum hætti niður í símann sinn,“ segir Hrönn Bjarnadóttir, sölu- og markaðs- stjórnari hjá Óskaskrín.

„Vilji fyrirtækið enn gefa gömlu

góðu öskjuna þá getur starfsmaðurinn eigi að síður breytt gjafakortinu í rafrænt kort í símann en á gjafakortinu í öskjunni er QR kóði sem leiðir mann í gegnum ferlið til að fá kortið beint í símann.“

Óskaskrín er orðið rótgróið gjafavörufyrirtæki en fyrstu Óskaskrínin voru kynnt til sögunnar árið 2011. Óskaskrínin eru þemabundnar gjafaöskjur þannig að sá sem fær Óskaskrín

að gjöf getur valið úr fjölda ólíkra upplifana.

Gourmet hefur til dæmis að geyma úrval veitingastaða sem hægt er að velja úr og njóta dýrindis veislu. Í Rómantik er boðið upp á gistingu á fjölda hótela með kvöldmat og morgunmat víða um land. Í Dekurstund er boðið upp á margar mismunandi dekurmedferðir og Bröns fyrir tvo inniheldur veitingastaði sem

bjóða upp á bröns í hádeginu um helgar. Alls eru þrettán tegundir af Óskaskrínunum í boði.

Gjafir fyrir fjölbreyttan hóp

Hrönn segir að Óskaskrín bjóði líka sérhannaða fyrirtækjapakka í sex verðflokkum þar sem búið er að blanda saman upplifunum úr ólíkum þemum og búa þannig til gjafakort með fleiri og fjölbreyttari valmöguleikum.

„Þau eru hugsuð fyrir fjölbreytta starfsmannahópa svo það er næstum öruggt að allir finna þar eitthvað við sitt hæfi. Þessar öskjur getum við sérmerkt með lit og lógói fyrirtækisins og sérsníðið handbók um innihaldið með kveðju frá fyrirtækinu. Á síðunni okkar, oskaskrin.is, eru mjög góðar upplýsingar um þessa sex fyrirtækjapakka en líka er hægt að hafa samband við okkur beint



Hrönn segir að Óskaskrín bjóði líka sérhannaða fyrirtækjapakka í sex verðflokkum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

til að fá enn frekari upplýsingar og tilboð," segir hún.

„Eins og áður segir getum við afhent þessa fyrirtækjapakka rafrænt í tölvupósti til starfsfólksins og sérhannað rafræna gjafakortið með sama hætti með lit og logo fyrirtækisins og persónulegri kveðju.“

Fjöldi valmöguleika

Sérstada Óskaskrín, að sögn Hrannar, er hin mikla fjölbreytni og hið mikla val sem handhafi óskunnar hefur. Óskaskrín er ekki eins og hefðbundið gjafakort sem gildir einungis á einn tiltekinn stað.

„Óskaskrín er hægt að nota á mörgum stöðum og er því ólíkt öllu því sem er í boði á markaðnum. Við höfum líka bent á að þó svo að einn eða fleiri staðir loki þá sjáum við til þess að ætíð séu til staðar margir valkostir að velja úr og við erum stöðugt að bæta við nýjum samstarfsaðilum. Við veljum samstarfsaðila okkar af mikilli kostgæfni því við viljum vera örugg um að handhafi Óskaskrín fái ætíð góðar viðtökur þegar hann mætir til að njóta. Við erum líka ótrúlega stolt að segja frá því að upplifun korthafa er nánast undantekningalaust góð og samstarf okkar við alla okkar samstarfsaðila er mjög gott.“

Vinsælustu Óskaskrínin

Hrönn segir að undanfarin ár hafi það færst mjög í vöxt að fyrirtæki gefi Óskaskrín til starfsmanna sinna, bæði sem jólagjafir og í aðrar tækifærisgjafir.

„Óskaskrín er til dæmis frábær jólagjöf fyrir stór fyrirtæki með fjölbreyttan starfsmannahóp, þar sem gjöfin færir starfsmanninum val um fjölmarga ólíka valkosti um allt land, í stað þess að geta lítið sem ekkert valið eins og venjan er með hefðbundin gjafabréf. Eins eru kortin öll með sérstakt heimasvæði á heimasíðunni okkar þar sem hægt er að skoða alla valmöguleikana. Þessar



Askja

VERÐ 5.900 KR.



Baula

VERÐ 9.900 KR.



Esjan

VERÐ 12.900 KR.



Hekla

VERÐ 16.900 KR.

NÝTT



Dyngja

VERÐ 24.900 KR.



Katla

VERÐ 39.900 KR.

Óskaskrínin gefa starfsmanninum fjölmarga ólíka valkosti og hafa notið mikilla vinsælda.

Óskaskrín er frábær gjöf þar sem hún hentar öllum. Úrvalið er fjölbreytt og upplifanir ólíkar. Eigandi gjafakortsins hefur allt um það að segja hvað hann vill upplifa.

Hrönn Bjarnadóttir

gjafir hafa notið mikilla vinsælda og við erum viss um að með nýju rafrænu gjafakortunum munu þá enn frekar færast í vöxt að fyrirtæki gefi Óskaskrín með þeim hætti," segir hún.

Aðspurð að því hver séu vinsælustu óskaskrínin svarar Hrönn: „Af hefðbundnu Óskaskrínunum okkar eru það Gourmet, Gláðningur og Bröns sem seljast alltaf mjög vel ásamt dekurpökkunum okkar tveimur, Dekurstund og Eðal dekur. Eins erum við með tvö Óskaskrín með hótलगistingum, Rómantik og Góða helgi sem eru alltaf jafn vinsæl enda alveg frábær gjöf.“

Hvers vegna Óskaskrín

„Óskaskrín er frábær gjöf þar sem

hún hentar öllum. Úrvalið er fjölbreytt og upplifanir ólíkar. Eigandi gjafakortsins hefur allt um það að segja hvað hann vill upplifa. Að gefa Óskaskrín er líka frábær leið til að minnka soun og hugsa um umhverfið og gefa frekar upplifun sem býr til minningar, í stað veraldlegra muna sem skilja oft lítið eftir

sig og flestir eiga alveg nóg af," segir Hrönn.

„Að gefa Óskaskrín tónar líka mjög vel við þá stemningu sem verið hefur í gangi með hvatningunni um að ferðast innanlands og styðja við bakið á íslenskum fyrirtækjum. Með því að gefa Óskaskrín ertu þannig að styðja við bakið á veitingastöðum, hótelum, snyrtistofum og fyrirtækjum í ferðaþjónustu sem mörg hver hafa verið að berjast í bökkum síðustu tvö árin. Með Óskaskríninu ertu að gefa upplifun, upplifun sem á að skilja eftir sig fallegar minningar um stund og stað og hlýlegar hugsanir til þeirra sem færðu þér gjöfina.“

Hvar fást Óskaskrín

Hrönn segir að til að fá nánari upplýsingar um fyrirtækjapakka sé upplagt að skoða heimasíðu Óskaskrín eða senda tölvupóst á info@oskaskrin.is.

„Þar sem við getum

leiðbeint kaupendum með val á hinn fullkomnu gjöf fyrir starfsfólkið sitt. Óskaskrín eru svo seld í öllum verslunum Pennans Eymundsson og verslunum Hagkaups og svo líka á vefnum okkar www.oskaskrin.is," upplýsir hún. „Við bjóðum upp á heimsendingu hvert sem er á landinu og innan við 24 klukkustunda heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu. Svo er líka hægt að sækja til okkar og kaupa beint á skrifstofunni okkar á Suðurlandsbraut 30, 4. hæð.“ ■



ELKO auðveldar val starfsmannajólagjafa

Gríðarlegt vöruúrval, frábært verð og persónuleg þjónusta einkennir Fyrirtækjaþjónustu ELKO, þar sem hægt er að finna réttu starfsmannagjöfina fyrir jólin.

Fyrirtækjaþjónusta ELKO býður upp á persónulega ráðgjöf fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum og þjónustar þau um land allt með allar týpur raftækja. „Við bjóðum upp á persónulega og faglega þjónustu, frábært verð og gríðarlegt vöruúrval, en á heimasíðunni okkar er ekki tæmandi listi yfir allt sem við bjóðum upp á, því við höfum aðgang að stærsta heimilis- og raftækjalager á Norðurlöndunum, sem er 108 þúsund fermetrar,“ segir Stefán Pétur Kristjánsson, viðskiptastjóri í Fyrirtækjaþjónustu ELKO.

Vöruúrval sem hentar öllum

Fyrirtækjaþjónustan býður upp á aðstoð við að velja og skaffa starfsmannagjafir fyrir jólin. „Þar býðst frábært verð, gríðarlegt úrval og góð og persónuleg þjónusta,“ segir Stefán. „Þegar fyrirtæki leita til okkar til þess að fá aðstoð við jólagjafir til starfsmanna þá byrjum við að vinna út frá fjölda starfsmanna og ákveðnum verðpunkti sem fyrirtækin miða við fyrir hvern starfsmann. ELKO býður upp á vörur á öllu verðbili sem ættu að henta flestum fyrirtækjum.“

Hann segir starfsfólk ELKO vinna út frá þessum upplýsingum og koma með hugmyndir að gjöfum. „Við getum einnig hjálpað þeim óákveðnu að velja gjafir ef þess er óskað. ELKO býður einnig upp á innpökkunarþjónustu á keyptum vörum gegn vægu gjaldi,“ segir Stefán Pétur.

Betra að panta tímanlega

„Það skiptir máli að vera tímanlega, sérstaklega ef panta á inn mikinn fjölda starfsmannagjafa fyrir stærri fyrirtæki. Rétt er að benda á það að ELKO tekur á móti vöruskilum til 31. janúar 2023, og ef fólk er óvíst með hvort það vilji eiga vöruna eða ekki, þá virkar skilarétturinn þannig að það getur prófað vöruna en fengið henni skipt ef það er ekki ánægt,“ útskýrir Stefán.

Hann tók saman lista yfir vörur sem gætu verið hentugar sem jólagjafir til starfsmanna frá fyrirtækjum. „Þessar vörur eru auðvitað bara brot af þeim vörum sem við höfum sérvalið sem heppilegar fyrirtækjagjafir en hægt er að kynna sér úrvalið frekar á elko.is eða hafa samband beint við mig í netfanginu b2b@elko.is.“

Úrval af frábærum gjöfum

■ **Gjafakort ELKO:** Gjafakort ELKO njóta mikilla vinsælda og gilda í öllum verslunum ELKO. Hægt er að velja upphæð allt frá 5.000 krónum. ELKO er stærsta raftækjaverslun landsins og starfsfólk getur því auðveldlega valið fallega gjöf hjá okkur. Gjafakort ELKO rennur aldrei út – það er því nægur tími til þess að finna réttu gjöfina.

■ **Pitsaofn:** Við bjóðum upp á breytt úrval pitsuofna þar sem hægt er að útbúa ljúffengar ítalskar pitsur heima.

■ **Ninja loftsteikingarpottur:** Loftsteikingarpottarnir hafa verið mjög vinsælir, enda einstaklega auðveldir í notkun.

■ **Aarke kolsýrutæki:** Kolsýrutækin frá Aarke eru glæsileg og sóma sér vel inni í hvaða eldhúsi sem er. Tækið er mjög einfalt í notkun og á sama tíma umhverfisvæn lausn.



Stefán Pétur Kristjánsson, viðskiptastjóri fyrirtækjaþjónustu ELKO, segir að ELKO bjóði upp á lausnir í fyrirtækjagjöfum sem henti öllum gerðum fyrirtækja.



Gjafakort ELKO eru alltaf jafn vinsæl gjöf enda virka þau í öllum verslunum ELKO og renna aldrei út.



Chilly's kaffimálið heldur drykknum heitum í 4 klst.



Garmin Venu Sq2 snjallúrið er hannað fyrir fólk sem hreyfir sig.



Ferðahleðslur henta vel fólk sem er á ferðinni.

Marshall Willen ferðahátalarinn er troðinn Marshall-vottuðum hljómgæðum.



Xiaomi TV Stick 4K breytir snjallsjónvarpinu í afþreyingarstöð.



JBL PartyBox Encore ferðahátalari heldur partiinu gangandi.



Kolsýrutækin frá Aarke eru glæsileg og sóma sér vel inni í hvaða eldhúsi sem er.



Nespresso Vertuo Next hylkjavélin býður upp á endalausa möguleika.

■ **Ferðahleðsla:** Ferðahleðslur eru vinsælar fyrir fólk á ferðinni og alltaf gott að hafa með sér til að geta hlaðið til dæmis síma og spjaldtölvur.

■ **Bose QuietComfort Earbuds II þráðlaus heyrnartól:** Bose QuietComfort Earbuds II þráðlaus heyrnartólin varpa skýrum hljómi og góðum bassa, þökk sé CustomTune tækninni ásamt Intelligent Noise Cancelling.

■ **Nespresso Vertuo Next hylkjavél:** Rosa flott kaffivél. Með 1,1 l vatnstanki og fimm bollastærðum hefur þú endalausa möguleika. Vélin er Wi-Fi tengd og notar Centrifusion tækni.

■ **Garmin Venu SQ 2:** Garmin Venu Sq2 snjallúrið er hannað fyrir fólk sem hreyfir sig. Úrið heldur utan um skrefafjölda, hjartslátt, svefn og súrefnismettun í blóði. Hægt er að tengja snjallúrið við önnur tæki með Bluetooth og ANT+. Allt að 11 daga rafhlöðuending.

■ **Marshall Willen ferðahátalari:** Þrátt fyrir smáa stærð er hátalarinn hreinlega troðinn Marshall-vottuðum hljómgæðum, allt að 15 klukkustunda rafhlöðuendingu og IP67 vatns- og rykvörn.

■ **JBL PartyBox Encore ferðahátalari:** Haltu partiinu gangandi með JBL PartyBox Encore ferðahátalaranum. Tengdu tækin þín við hann með Bluetooth eða AUX tengi og spilaðu í allt að 6 klukkustundir með kröftugum JBL Original Pro hljómi, skemmtilegum ljósum og hljóðnema.

■ **Xiaomi Mi TV Stick 4K:** Breyttu hvaða snjallsjónvarpi sem er í 4K UHD afþreyingarstöð með Xiaomi TV Stick 4K margmiðunar- og streymisspilara. Tengdu Xiaomi TV Stick 4K með Micro USB, HDMI, Wi-Fi eða Bluetooth og horfðu á myndir, hlustaðu á tónlist eða spilaðu tölvuleiki í 4K upplausn.

■ **Chilly's kaffimál:** Hægt að taka með sér ljúffengan kaffibolla í vinnuna sem heldur drykknum heitum í allt að 4 klst.

Nánari upplýsingar á elko.is.

Gjöf til starfsfólks er vin-
áttutákn sem gleður. En að
eiga vin á vinnustaðnum
er ómetanlegt. Rannsóknir
hafa sýnt fram á að það
gagnast ekki bara starfsfólki-
nu heldur fyrirtækinu líka.

sandragudrun@frettabladid.is

„Ég er ekki vinur þinn, ég er sam-
starfsfélagi þinn,“ var sungið í
söfnunarþættinum Verum vinir –
Mannvinasöfnun Rauða krossins
sem sýndur var á RÚV síðastliðið
föstudagskvöld. Það voru heldur
köld skilaboð sem starfsmanna-
hópurinn í grínatriðinu sendi
vinnufélaga sínum með þessu
lagi. Flestir vilja eiga í góðum
samskiptum við vinnufélaga sína.
Að eiga góðan vin í vinnunni
stuðlar að jákvæðri starfsreynslu,
meiri skuldbindingu og auknum
árangri í starfi.

Starfsfólk sem á besta vin í
vinnunni er líklegra til að virkja
viðskiptavini og samstarfsaðila,
verða meira úr verki á skemmri
tíma, fá nýjar hugmyndir, deila
þeim með öðrum og hafa gaman í
vinnunni, þetta hafa niðurstöður
Gallups sýnt ítrekað. Reyndar
hafa nýleg gögn frá Gallup sýnt
fram á að það að eiga besta vin
í vinnunni hefur orðið mikil-
vægara eftir að heimsfaraldurinn
hófst, þrátt fyrir að fjarvinna hafi
aukist gríðarlega.

Vinnuvinir hjálpast að

Starfsfólk sem þurfti að fara í
fjarvinnu upplifði að besti vinur
þeirra í vinnunni hjálpaði þeim
að vera upplýstur um það sem var
að gerast á vinnustaðnum, svo það



Flestir vilja eiga góð samskipti á vinnustaðnum. Að eiga góðan vin í vinnunni er sannkölluð gjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ég er sko vinur þinn

upplifði að það væri enn í tengsl-
um við teymið sitt. Starfsfólk gat
spurt besta vin sinn „heimsku-
legra“ spurningar um breytingar
á verklagi í vinnunni án þess að
óttast að gera sig að fifli.

Þegar vinnuálagið í vinnunni
er mikið finnst starfsfólki það
bera vissa ábyrgð á besta vinnu-
vininum og leggur því á sig að

hjúla honum með verkefni. Það
starfsfólk sem á ekki besta vin í
vinnunni fann aftur á móti fyrir
aukinni einangrun á meðan á
heimavinnu stóð, samkvæmt
upplýsingum frá Gallup. Skortur á
samvinnu og ábyrgðartilfinningu
gagnvart besta vininum gat orðið
til þess að frammistaða starfs-
mannsins varð verri.

Tækifæri til að kynna

Þar sem yfirmenn leggja yfirleitt
línurnar um hvað er videigandi og
hvað ekki á vinnustaðnum, ættu
þeir að ýta undir það að starfsfólk
myndi vinasambönd sín á milli.
Það geta þeir gert með því að tala
um mikilvægi þess mynda tengsl
við vinnufélaga sína og fara fram
með góðu fordæmi sjálfir. Allt

» Þegar vinnuálagið í
vinnunni er mikið
finnst starfsfólki það
bera vissa ábyrgð á besta
vinnuvininum og leggur
því á sig að hjúla
honum með verkefni.

starfsfólk ætti að gefa sér tíma til
að tengjast samstarfsfólki sínu því
það er öllum til góðs, ef marka má
Gallup.

Yfirmenn ættu að leyfa starfs-
fólkinu að sækjast eftir vináttu
við aðra vinnufélaga upp á eigin
spýtur og gæta þess að andrúms-
loftið sé þannig að starfsfólkið
upplifi að slíkt sé velkomid. En
yfirmenn fyrirtækja geta líka ýtt
undir tengslamyndum starfsfólks
með því að gefa starfsfólkinu næg
tækifæri til að spjalla, til dæmis
með því að skipuleggja félagslega
viðburði á vegum vinnustaðarins,
eða styðja starfsmannafélagið til
að skipuleggja slíka viðburði.

Stjórnendur geta einnig stutt við
félagsleg tengsl með því að gefa sér
tíma til að spjalla við starfsfólkið
sjálfir. Fimmtán mínútna samtál
milli starfsmanns og yfirmanns
getur varpað ljósi á nýjar leiðir
sem hægt væri að fara til að tengja
starfsfólkið betur saman. Einnig
geta tíð samtöl leitt í ljós hindranir
sem koma í veg fyrir vináttu á
vinnustaðnum. ■

HEIMILD: GALLUP.COM



Gjafakort Landsbankans



Með gjafakorti Landsbankans er
ekkert mál að velja rétta jólagjöf fyrir
starfsfólkið. Þú ákveður upphæðina
og þau sem þiggja velja gjöfina.



...allir fá þá eitthvað fallegt

GJAFAKORT NTC ER JÓLAGJÖFIN Í ÁR



NTC
— GJAFAKORT —

Fatnaður og skór fyrir dömur og herra - eitthvað fyrir alla. Kortið kemur í fallettri öskju og gildir í öllum verslunum NTC.
Þú getur pantað gjafakortið fyrir starfsfólkið þitt á online@ntc.is

gallerisautjón

evo

KARAKTER
KONUR

SMASH
URBAN

COMPANYS

Kultur
menn

gs skór

GK

REYKJAVÍK

Kultur

Góð starfsmannastefna hjá Toyota

Toyota á Íslandi, sem er með starfsemi sína í Kaupþúni í Garðabæ, hefur „Velliðan til árangurs“ sem yfirskrift starfsmannastefnu sinnar.

gummih@frettabladid.is

Fyrirtækið leggur mikið upp úr því að skapa vinnuumhverfi þar sem starfsmönnum líður vel. Fyrirtækinu er umhugað um heilsu starfsmanna sinna, heilsuvernd, vinnuvernd og jafnréttisstefnu.

Góður starfsandi er mjög mikilvægur og sífellt fleiri fyrirtæki eru farin að leggja aukna áherslu á gæði starfsandans og að starfsfólki líði vel í vinnunni.

„Hjá Toyota er góð starfsmannastefna og henni er fylgt mjög vel eftir með það að markmiði að skapa sterka þjónustumenningu. Hjá þessu fyrirtæki velst inn ákveðin gerð af fólki sem hefur yndi af því að veita góða þjónustu. Maður verður var við það bæði út á við og líka inn á við. Ég segi oft þá sögu að þegar ég byrjaði hér þá þurfti ég að vinna oft þvert á deildir og vinna með þeim. Ég þurfti að leita hér og þar eftir upplýsingum og alls staðar var mér sinnt svo vel. Mér fannst allir sinna nýja manninum ótrúlega mikið og vel en svo hætti þetta ekkert.

Það er alltaf hægt að leita til samstarfsmanna og alltaf eru málin leyst. Þetta finnst mér lýsa starfsandanum svo vel hjá Toyota. Það



Páll Þorsteinsson, upplýsingastjóri Toyota, segir haldið vel utan um starfsmannahópinn sem vinnur hjá fyrirtækinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

eru einhvern veginn allir boðnir og búnir til þess að veita góða þjónustu,“ segir Páll Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Toyota, og bætir við að starfsmannaandinn í fyrirtækinu sé sérlega góður og það sé gaman að vinna hjá fyrirtækinu. Toyota hefur hlotið nafnbótina „Fyrirmyndarfyrirtæki ársins“ hjá VR nokkur undanfarin ár.

Páll segir að fyrirtækið gefi af sér til starfsmanna. „Það er haldið vel utan um starfsmannahópinn sem vinnur hér. Það er reynt að sinna honum eins vel og hægt er, bæði með námskeiðum, símenntun og fleiru. Hér er alltaf verið að þjálfar fólk enda sífellt að koma inn tæknijungar og við erum alltaf

að reyna að bæta þessa þjónustu,“ segir Páll.

Glaðningur við starfsafmæli

Páll segir að starfsmannafélagið hjá Toyota sé mjög öflugt fyrir þá sem vilja nýta sér það.

„Það eru að sjálfsögðu haldnar veglegar árhátíðir og við höfum farið til útlanda á nokkurra ára

Starfsfólk okkar fær glaðning frá fyrirtækinu þegar það nær ákveðnum starfsaldri sem er mjög skemmtilegt og það fær líka finar jólagjafir.

Páll Þorsteinsson

fresti í árhátíðarferðir og fyrirtækið býður starfsmönnum til fagnaðar eins og á jólahlaðborð eða eitthvað slíkt þegar tækifæri gefst til þess. Starfsfólk okkar fær glaðning frá fyrirtækinu þegar það nær ákveðnum starfsaldri sem er mjög skemmtilegt og það fær líka finar jólagjafir,“ segir Páll.

Hann hrósar mótuneyti Toyota og segir starfsfólk taka því mjög vel. „Það er hollur og góður matur á boðstólum og það er mjög mikilvægt.“

Starfsmannaveltan hjá Toyota er lítil og margir sem hafa unnið til fjölda ára hjá fyrirtækinu. „Starfsmannaveltan hefur í gegnum tíðina ekki verið mikil og við erum hér með starfsfólk sem byrjaði að vinna í aukavinnu með skóla sem unglingar og á svo sína starfsævi hér. Það segir manni að fólki líki vel að vinna hér,“ segir Páll. ■

Gefðu ávísun á góðar stundir

Gjafakort Hörpu er skemmtileg jólagjöf. Kortið gildir í þrjú ár á alla viðburði í Hörpu. Dagskráin er fjölbreytt og tryggt að öll finna eitthvað við sitt hæfi til að njóta.

Kortin koma í fallegri gjafaöskju. Gefandinn velur upphæðina.

harpa.is





Augnablik sem ylja

Einstök og nærandi fyrirtækjagjöf

Í gjafabréfi Bláa Lónsins koma saman vellíðan, hlýja og umhyggja. Við hjálpum þér að setja saman upplifun sem hentar starfsfólkinu þínu svo þau geti notið töfranna sem leynast í lóninu.

Hafðu samband og við setjum saman hlýlega gjöf fyrir fólkið þitt. Þú getur sent okkur línu á blsales@bluelagoon.is eða hringt í síma 420 8800.

BLUE LAGOON
ICELAND

Eins og krakkar að bíða eftir jólnunum

Síðasta árshátíð Öryggismiðstöðvarinnar var haldin á Alicante á Spáni í vor. Eftir takmarkað skemmtanahald sökum heimsfaraldursins átti starfsfólkið afar ánægjulega daga í sólinni.

starri@frettabladid.is

Starfsfólk Öryggismiðstöðvarinnar var orðið ansi þreytt í heimsfaraldrinum með tilheyrandi samkomubönnum og fjöldatakmörkunum. Því var ákveðið sumarið 2021, þegar ástandið var farið að líta betur út, að stefna á að halda árshátíðina erlendis ári síðar við mikinn fögnuð starfsfólksins, segir Elías Ingi Árnason, sem sat í stjórn starfsmannafélagsins á þeim tíma sem ferðin var skipulögð og situr nú í árshátíðarnefnd Öryggismiðstöðvarinnar.

„Við fyrsta tækifæri settum við okkur í samband við nokkrar ferðaskrifstofur og völdum að lokum ferð til Alicante á Spáni með Visitor úr fjölmörgum góðum tilboðum.“

Mikill undirbúningur

Rúmlega 200 manns, starfsfólk og makar, fóru í ferðina sem var í apríl í fyrra. Elías segir að til að tryggja að allt skipulag myndi ganga sem best hefði verið lykilatriði að heimsækja staðinn áður og fara yfir eins mörg smáatriði og hægt var.

„Því settum við okkur í samband við þá staði sem við vildum að myndu spila stórt hlutverk í ferðinni. Auk þess vildum við hitta þau sem myndu sjá um veislusalinn og gefa þeim hugmyndir okkar um hvernig við sæjum árshátíðina fyrir okkur, til dæmis hvernig við vildum hafa uppsetninguna á salnum. Einnig var mjög mikilvægt að fá að smakka matinn sem boðið er upp á þegar árshátíð er haldin erlendis og hafa þá úr nokkrum réttum að velja.“

Mjög fjölbreytt dagskrá

Óhætt er að segja að boðið hafi verið upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá á Alicante.

„Það var alveg heljarinnar dagskrá í boði fyrir hópinn. Við skipulögðum til dæmis tvær siglingar á tvíbytnu. Það komust 50 manns í hvora ferð og siglt var með hópana eftir strandlengjunni í nokkra klukkutíma. Annar hópur naut sín í botni í heimsókn á vinekru og enn annar hópurinn fór í skemmtilega hjólaferð um borgina.“

Golf félag Öryggismiðstöðvarinnar hélt fyrsta golfmót



Það var kærkominn tilbreyting fyrir starfsfólk Öryggismiðstöðvarinnar og maka að eyða nokkrum dögum á Alicante.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Elías Ingi Árnason.

sumarsins í ferðinni. „Margir golfarar meðal starfsfólks okkar voru orðnir ansi golfþyrstir eftir íslenska veturinn. Hópurinn spilaði á glæsilegum velli sem heitir Font del Llop og er staðsettur rétt fyrir utan borgina. Einnig var skemmtilegur karaókiþar rétt fyrir utan hótelið sem við lögðum undir okkur eitt kvöldið. Það er óhætt að segja að mögnuð stemning hafi myndast það kvöld.“

Stefna á Berlín 2023

Elías segir svona ferð bæta mikið starfsandann og auka samheldn-

Það var svo gaman að sjá tilhlökkunina og eftirvæntinguna fara stigvaxandi með hverjum mánuðinum sem leið.


Elías Ingi Árnason

ina meðal starfsfólks fyrirtækisins.

„Það var svo gaman að sjá tilhlökkunina og eftirvæntinguna fara stigvaxandi með hverjum mánuðinum sem leið og síðustu dagana var talað um lítið annað en ferðina fram undan. Þetta var svolítið eins og þegar maður var krakki að bíða eftir jólnunum og sá pakkana hrannast upp við tréð jafnt og þétt, spennurinn var nánast óbærilegur. Gleðin og minningarnar eru svo reglulega rifjaðar upp meðal starfsfólksins.“

Þessar vikurnar er stjórn starfsmannafélagsins og árshátíðarnefndin að skipuleggja næstu árshátíðarferð sem verður haldin á vormánuðum 2023 í Berlín.

„Undirbúningurinn er kominn á fullt og við erum að velta fyrir okkur ýmsum skemmtilegum hugmyndum. Á sama tíma reynum við að segja sem minnst svo hægt sé að gera þessa næstu ferð eftirminnilega fyrir árshátíðargestina.“ ■



Stór hluti hópsins skellti sér í siglingu meðfram ströndinni.

MYND/ADSEND

Gefðu þínu starfsfólki

gæðastund í jólagjöf

ALMENN SPURNING

Hvað heitir söngkonan í hjómsveitinni Of Monsters and Men?

ALMENN SPURNING

Hvað heitir íslenskuútbúinn í þinni sígildu íslensku kvikmynd Stella í orlof?

LEITIN AÐ STJÖRNUNNI

fjölskylduspilið í ár.

leitinadstjornunni.is

hallo@leitinadstjornunni.is



Gómsætar jólagjafir

Sérvaldir íslenskir ostar og meðlæti

Veldu milli átta mismunandi ostakarfa og bættu við annarri matvöru, víni eða gjafavöru.

Sérframleiddur MS súkkulaðigráðaostur er í völdum gjafakörfum.

Frábær gjöf til viðskiptavina eða starfsmanna.




Kíktu á ms.is og skoðuðu úrvalið
- einfalt og fljótlegt.



Gjafa
kortið
með þér
í liði

BÓNUS



Bónus Inneignar- og gjafakortin henta einstaklega vel sem gjöf. Kortið er hægt að kaupa og nota í öllum verslunum Bónus um land allt.

**Tilvalið í
jólapakkan
fyrir
starfsfólkið**



Gæði og ending í tæp hundrað ár

Í hartnær heila öld hefur 66°Norður fylgt Íslendingum um fjöll og firnindi hér heima og um víða veröld, verndað þá fyrir veðri og vindum og þjónað allt í senn björgunarsveitarfólki, sjósækjendum, útivistarunnendum og við daglegt líf.

66°Norður var stofnað árið 1926 og má segja að það sé orðið eins konar þjóðareign Íslendinga. „Í dag er 66°Norður orðið eitt af stærstu vörumerkjum landsins. Merkið var valið besta íslenska vörumerkið árið 2021 og 2020. Við erum enn í vexti og mun fyrirtækið opna flaggskipsverslun í London í lok árs,“ segir Elín Tinna Logadóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækja- og heildsólusviðs 66°Norður.

„Það er gaman að sjá hvað Íslendingum þykir vænt um vörumerkið, hve stoltir þeir eru af því og hvernig þeir bera hróður 66°Norður langt út fyrir landsteinana, svo þjóðin á stóran þátt í vexti fyrirtækisins á Íslandi og úti í heimi.

Fyrirtækjaþjónusta okkar hefur verið stór hluti af rekstrinum frá upphafi og nú er svo komið að við erum farin að fá beiðnir um fyrirtækjagjafir bæði frá Evrópu og víðar um heim. Fyrirtækjaþjónustan hefur verið einn skemmtilegasti tíminn á mínum ferli enda er gífurlega gaman að vera í samskiptum við öll þessi ólíku fyrirtæki og finna hvað við erum ofarlega á óskalistanum hjá fólki,“ segir Elín.

Vinsælar fyrirtækjagjafir

„Vöruúrval 66°Norður er mjög fjölbreytt. Við erum með eitthvað fyrir alla, og það er líklega ein af skýringunum á því af hverju 66°Norður er svona vinsæl jólagjöf fyrirtækja til starfsmanna sinna,“ segir Elín.

Elín hefur starfað hjá fyrirtækinu frá því 2008 og sinnt fyrirtækjaþjónustunni frá 2017. Hún hefur séð hversu vinsælar gjafirnar frá 66°Norður hafa verið og reynst vel. „Vörumerkið er sterkt og starfsfólkið kann að meta gjöfina frá fyrirtækinu. Við sjáum þetta einstaklega vel núna eftir heimsfaraldurinn þar sem vitundarvakning hefur orðið varðandi útivist og hreyfingu og margir Íslendingar uppgötvuðu upp á nýtt hversu gaman er að ferðast um og njóta okkar fallegu náttúru. Vörurnar okkar eru fullkomnar til þess að fara út og hreyfa sig í íslenskrri náttúru, allan ársins hring.

Fyrirtæki og starfsfólk kunna líka að meta að allar vörur 66°Norður eru hannaðar á Íslandi sem eykur enn á þá sterku tengingu sem Íslendingar eiga við vörumerkið.“

Sjálfbærni í hundrað ár

66°Norður hefur verið íslenskt fyrirtæki í 96 ár og rekstur á litlu landi eins og Íslandi krefst skyn-



Með vinsælustu jólagjöfum frá 66°Norður hafa verið töskurnar og bakpokarnir, vörur sem framleiddar eru úr afgangsefni.

MYND/ÆSEND



Hér má sjá fyrirtækjasvið 66°Norður. Frá vinstri: Rósa Tryggvadóttir, Kjartan Tómas Guðjónsson, Elín Tinna Logadóttir, Brynja Baldursdóttir, Guðrún Valtýsdóttir og Arnbjörg Baldvinsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Vörurnar okkar eru fullkomnar til þess að fara út og hreyfa sig í íslenskrri náttúru, allan ársins hring.

Elín Tinna



66°Norður hefur hannað fallegar umhverfisvænar gjafaumbúðir fyrir jólagjafirnar.

MYND/ÆSEND

semi í framleiðslu og þess að búa til vörur sem endast vel. „Þegar fyrirtækið var stofnað var sala á fatnaði ekki helsta tekjulindin heldur viðgerðaðþjónustan sem fyrirtækið rekur enn þann dag í dag. Þessi gamalreynnda saga á einkar vel við í dag, nú þegar fyrirtæki og einstaklingar horfa æ meira í átt að sjálfbærni. Það skiptir máli að velja gæði og það sem endist vel, því það takmarkar offramleiðslu á því sem dugar skammt. Þetta er eitthvað


Elín Tinna hefur starfað hjá 66°Norður síðan 2008 og segir tíma sinn á fyrirtækjasviðinu hafa verið afar lærdómsríkan og skemmtilegan.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Við viljum vinna markvisst að því að fótspor okkar hér á jörðu sé sem allra minnst.“

Stafræn gjafakort

66°Norður stígur skref í átt að stafrænu byltingunni og býður nú upp á stafræn gjafakort beint í símann. „Gjafakortin frá 66°Norður hafa verið langvinsælasta jólagjöf fyrirtækja í mörg ár, enda eru þau einföld í innkaupum og starfsfólkið getur valið sér vörur sem því henta. Stafræna lausnin verður líklega sérlega vinsæl hjá fyrirtækjum sem vinna að því að verða pappírslaus. Það hefur svo reynst mjög vinsælt að para saman gjafakort og fylgihluti eins og húfu, sokka eða vettlinga frá 66°Norður því margir hafa gaman af því að gefa innpakkaðar gjafir,“ segir Elín.



Rafræna gjafakortinu fylgir enginn pappír og ekkert plast. Hentug gjöf sem kemur beint í síma starfsfólks. MYND/ÆSEND

Fyrirtækja-gjafirnar frá 66°Norður eru vinsælar hjá öllum gerðum fyrirtækja, stórum sem smáum, tengdum útivist eða ekki. „Við erum með teymi viðskiptastjóra sem sérnæða tilboð í jólagjafir fyrir fyrirtæki. Sum vilja halda sig við rafrænar gjafir á meðan önnur vilja velja vörur í pakkana. Þá erum við með fallegar gjafaöskjur fyrir stærri og smærri gjafir, allt eftir þörfum hvers og eins.

Einnig bjóðum við upp á að láta merkja vörurnar fyrirtækinu ef áhugi er fyrir því. Við erum handviss um að gjöf frá 66°Norður er gjöf sem slær í gegn og hlökkum til að þjónusta fyrirtæki landsins í jólavertíðinni,“ segir Elín að lokum. ■

Nánari upplýsingar má nálgast á soludeild@66north.is eða í síma 535-6660.



Jólagjöfin er 66°Norður

Hafðu samband við fyrirtækjasvið 66°Norður með tölvupósti á netfangið soludeild@66north.is eða í síma 535-6660 og fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki.

Verslaðu á 66north.is
Fylgdu okkur á Instagram [@66north](https://www.instagram.com/66north)

Óheppileg jólagjöf

jme@frettabladid.is

Það hitta ekki allar jólagjafir í mark þegar kemur að fyrirtækjagjöfum og í þetta sinn var skotið langt út fyrir markið. Kannski er hugsunarleysi um að kenna, en sagan sem hér fer á eftir ber vitni um það hversu mikilvægt það er að velja gjöf sem endurspeglar starfsmann, vinnuveitanda og sambandið þar á milli. Hugmyndin að baki gjöfinni var án efa falleg, en í röngu samhengi getur ein lítil gjöf orðið að einhverju öðru, jafnvel móðgun.



Rut minnst sérstaklega jólanna þegar starfsfólk leikskólans fékk kerti í jólagjöf frá Reykjavíkurborg.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jólaertíð eftirminnilega

Rut starfar í dag sem umsjónarkennari í Álftamýrarskóla. Hún er leikskólakennari að mennt og starfandi áður á leikskólanum Grandaborg og leikskóla Seltjarnarness. Hún lýsir sér sem 38 ára gleðipinna, miklum femínista og manneskju sem er almennt umhugað um réttlæti á öllum sviðum lífsins.

Á þeim tíma sem hún starfandi á leikskólanum Grandaborg og leikskóla Seltjarnarness, sem voru nú allmörg ár, hlutu hún og samstarfsfólk hennar þónokkrar jólagjafir eins og gengur og gerist á vinnustöðum kringum jólin. „Sú eftirminnilegasta var klárlega jólaertíð frá Hekla Ísland sem Reykjavíkurborg færði starfsfólki í leikskólanum Grandaborg eitt árið, líklega kringum 2010 eða stuttu eftir það,“ segir Rut.

Bannað að kveikja á kertinu

Rut segir að það eftirminnilegasta við þessa annars fallegu jólagjöf hafi ekki verið kertið sjálft endilega, heldur sú staðreynd að öllu starfsfólki leikskólans, sem taldi um 25-30 starfsmenn, var gefið þetta eina kerti, saman. „Það kjánalegasta við þetta allt er að það er stranglega bannað að kveikja á kertum í leikskólum,“ segir Rut og hlær. Það var því ómögulegt að kveikja á kertinu í vinnunni.

Svekt og hissa yfir gjöfinni

Rut segir að hún og samstarfsfólk

hennar hafi fengið að njóta þessa fallega kertis á kaffistofunni í einhvern tíma. „Að sjálfsgöðu var þó slökkt á því,“ segir Rut. Þau samstarfsfélagarnir veltu því margoft fyrir sér hvað hefði vakað fyrir Reykjavíkurborg með þessari jólagjöf. Hvort sá eða sú sem sá fyrir sér að þetta væri góð hugmynd að gjöf fyrir leikskólastarfsfólk, sæi kannski fyrir sér að starfsmenn skiptust á að taka kertið heim með sér og kveikja á því þar, því ekki mátti það í vinnunni.

„Viðbrögð starfsfólks almennt leyndu sér ekki og var fólk nokkuð svekkt og hissa yfir þessari gjöf. En á sama tíma var gert óspart grín að vinnuveitendum starfsmanna sem augljóslega þekktu ekki sínar eigin reglur um bann við kertum á vinnustaðnum,“ segir Rut.

Viðförlu kerti

Kertið fór þó ekki til spillis. „Já. Brandarinn endaði svo þannig að hópur starfsfólks neitaði að láta Reykjavíkurborg hafa sig að fifli og skiptist því á því að taka kertið heim til sín og kveikja á því. En sá hlær best sem síðast hlær og að mínu mati er það án efa jólagjafanefnd Reykjavíkurborgar sem þarna hefur líklega orðið að ósk sinni,“ segir Rut og glottir. ■



Arndís með tuðruna göðu sem er kirfilega merkt Kópavogsbæ og vel snyrtar neglur í þokkabót.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stöngin inn í vinnustaðajólagjöfum



Jóhanna María Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is

Arndís Þórarinsdóttir rifjar upp nytsamar jólagjafir sem Kópavogsbær gaf starfsfólki sínu. Önnur hefur nýst í snyrtimennskuna á meðan hin hefur verið ómissandi í ferðalögin.

Arndís Þórarinsdóttir starfar sem rithöfundur og þýðandi en á meðan hún var enn þá á almennum vinnumarkaði vann hún lengst af sem deildarstjóri á Bókasafni Kópavogs. „Þar var ég í tíu góð ár, en hætti fyrir fjórum árum,“ segir Arndís.

„Þetta var skemmtilegt starf í stóru samfélagi lesenda, en eftir því sem frá líður sakna ég meira hins nána samfélags samstarfsfólksins. Vinnufélagar mynda oft alveg einstök tengsl. Þar fara ólíkir einstaklingar sem verja drjúgum hluta vikunnar saman, hvernig sem dagsformið er. Samstarfsfólkið fæst við úrlausn alls konar vandamála saman og samgleðst þegar vel gengur. Mér fannst ég eiginlega fyrst kunna að meta þennan góða félagsskap til fulls þegar ég var hætt og fann söknuðinn. Sem betur fer kem ég oft á safnið og hitti mína gömlu féлага,“ segir Arndís.

Snyrtilegt starfsfólk á nýju ári

Arndís segir að Kópavogsbær hafi haft þann háttinn á að gefa starfsfólki sínu jólagjafir.

„Sú gjöf sem ég nota mest er forlata naglasett sem inniheldur skæri, naglaklippur, þjalir og hvers kyns tól sem ég kann ekki alveg að nefna. Þetta er augljóslega mjög vel heppnuð gjöf því öll þurfum við að sinna einhverri naglaumhirðu. Settið er í haganlegum umbúðum sem fara vel í baðskápnum og bæjarfélagið fékk væntanlega svolítið snyrtilegri starfsmenn á nýju ári. Þetta var, myndi ég segja, stöngin inn í vinnustaðajólagjöfum,“ segir Arndís og hlær.

Geysihagleg tuðra

Eftirminnilegasta gjöfin var samt mögulega, að sögn Arndísar, forlata íþróttataska á hjólum sem hún fékk fyrstu jólin sem hún vann fyrir bæinn.

„Ég hóf störf að hausti svo það kom mér í opna skjöldu að stærsti pakkinn undir jólatrénu það árið væri frá nýja vinnuveitandanum. Upp úr pakknum kom þessi

geysihaglega tuðra, sem hefur dröslast með okkur fjölskyldunni í flestar sumarþustaðaferðir síðustu fimmtán ár, kirfilega merkt Kópavogsbæ. Þá hugsa ég fallega til bæjarstjórnarinnar þarna fyrir hrun, árið eftir fengum við svo kerti og spil, enda stemningin svolítið önnur jólin 2008.“

Hljáar tilfinningar kvikna

„Mér finnst þetta raunar mjög skemmtilegt, að gjafirnar séu merktar bæjarfélaginu. Oft vilja fyrirtæki auglýsa sig og sinn varning með því að nota vörumerki sín sem víðast, en hagar sveitarfélagsins af því að merkja naglasettið fannst mér ekki alveg augljós. Mögulega var það til þess að kveikja þessar hlýju tilfinningar í brjosti þiggjandans öllum þessum árum síðar.

Kannski ættum við öll að gera þetta, að merkja jólagjafirnar sem við gefum með nöfnum okkar sjálfra? Það er nú eitthvað til þess að ihuga,“ stingur Arndís upp á.

Ný bók fyrir allan aldur

Arndís er starfandi rithöfundur og gaf nýverið út stórskemmtilega bók sem ber hinn heillandi titil Kollhnís. „Hún gerist raunar í Kópavogi. Kannski það sé til marks um að Kópavogs-merkingin á naglasettinu hafi með göðum árangri talað til undirmeðvitundar minnar?

Kollhnís er um stálpaðan strák sem heitir Álfur og fjölskylduna hans. Álfur gengur í skóla og æfir fimleika, en mestar áhyggjur hefur hann af því að fjölskyldan hans sé öll einhvern veginn á skjön; allt frá litla bróður sem kann ekki að segja nafnið sitt, til móðursysturinnar sem enginn í fjölskyldunni talar lengur við. Sagan fjallar um allan þann vandræðagang sem fylgir því að fullorðnast og átta sig á því að heimurinn er ekki jafneinfaldur og maður hélt.

Ætli bókinn sé ekki fyrir lesendur svona ellefu ára og eldri? Mér finnst í það minnsta óþarfi að setja aldurshámark á hana,“ segir Arndís, sem bætir við að sér hafi orðið það ljóst í störfum sínum á Bókasafni Kópavogs að hún eigi það sameiginlegt með mörgum öðrum fullorðnum lesendum að lesa fjölskyldubækur sér til gleði og ánægju. ■

” Kannski ættum við öll að gera þetta, að merkja jólagjafirnar sem við gefum með nöfnum okkar sjálfra? Það er nú eitthvað til þess að ihuga.

Arndís



MATARBÚÐIN
NÁNDIN

matarbudin.is

SÆLKERA
GJAFAKÖRFUR

Gefðu einstaka plastlausa matargjafarkörfu með vörum frá íslenskum smáframleiðendum, beint frá býli og Urta Islandica

Sendu okkur fyrirspurn og við hjálpum þér við að setja saman fallega plastlausa gjafakörfu matarbudin@matarbudin.is

Austurgata 47 - Hafnarfjörður - Básvegur 10 - Reykjanesbær

GEFÐU HEILSU

Í JÓLAGJÖF

GJAFAKORT H VERSLUNAR ER FULLKOMIN JÓLAGJÖF FYRIR FYRIRTÆKI SEM ER ANNT UM HEILSU STARFSMANNA SINNA



HAFÐU SAMBAND VIÐ H VERSLUN MEÐ TÖLVUPÓSTI Á NETFANGIÐ
SALA@HVERSLUN.IS OG FÁÐU TILBOÐ FYRIR ÞITT FYRIRTÆKI.

BÍLDSHÖFÐA 9, 110 REYKJAVÍK. HVERSLUN.IS

h.
VERSLUN
FREMST Í HEILSU



Það er alltaf mikil tilhlökkun á vinnustöðum að vita hver jólagjöfin verður. Sumir geta ekki beðið og rífa hana upp strax á meðan aðrir geyma hana fram á aðfangadagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Allir fá þá eitthvað fallett

Þegar spurt er hvort gjafir til starfsfólks um jól skipti máli fyrir starfsandann, eru flestir á því að það skipti sköpum fyrir hann að gleðja starfsfólkið með glaðningi og það skapi vellíðan að fá viðurkenningu fyrir vel unnin störf.

sjofn@frettabladid.is

Eins og spakmælið segir: „Það er sælla að gefa en þiggja.“ Það er hægt að fara fjölbreyttar leiðir til að gleðja og ótrúlega margt sem er í boði í dag. Það getur verið áskorun að finna gjöf sem fellur í kramið ef um stóra fjölbreytta hópa er að ræða og þess vegna er mjög sniðugt að hafa valkosti.

Það er auðveldara í útfærslu en maður heldur að gefa fólki val og reynslan hefur sýnt að það vekur

Eftirminnilegasta gjöfin er skóbursti sem ég fékk frá breskri hótélkeðju sem ég vann hjá eitt sumar. Þegar ég ætlaði að nota hann á skóna mína var mér bent á að þetta væri tannbursti fyrir hunda.

Hjálmar Örn

meiri lukku. Við spurðum nokkra einstaklinga um fyrirtækjagjafir og hvort þeim finnst skipta máli að vinuveitendum þeirra umbuni þeim með jólagjöf eða áramótageaðningi. ■

Skóburstinn reyndist vera tannbursti



Hjálmar Örn skemmtikraftur og gleðigjafi er á því að það eigi að gleðja með því að gefa og þessari hefð eigi að viðhalda.

Hvað er eftirminnilegasta fyrirtækjagjöfin sem þú hefur fengið frá vinuveitanda þínum og hvers vegna var hún eftirminnileg?

„Eftirminnilegasta gjöfin er skóbursti sem ég fékk frá breskri hótélkeðju sem ég vann hjá eitt sumar. Þegar ég ætlaði að nota hann á skóna mína var mér bent

á að þetta væri tannbursti fyrir hunda,” segir Hjálmar og skellir upp úr.

Finnst þér skipta máli að vinuveitendum umbuni starfsmönnum sínum með gjöfum?

„Það er alltaf gaman að fá gjafir hvort sem það eru afmælis- eða jólagjafir. Gefa, gefa, gefa, segi ég við vinuveitendum.“

Hver er þin draumgjöf frá vinuveitandanum?

„Peningur,” segir Hjálmar án nokkurra umhugsunar. Hjálmar bætir við að fyrirtækjagjafir séu flott séríslensk hefð sem ekki megi leggja af undir neinum kringumstæðum.

Elska að fá upplifun



Elva Ágústsdóttir, blaðamaður og stílisti, hefur fengið gjafir sem hafa hitt hana í hjartastað og glatt hana á eftirminnilegan hátt.

Hvað er eftirminnilegasta fyrirtækjagjöfin sem þú hefur fengið frá vinuveitanda þínum og hvers vegna var hún eftirminnileg?

„Eftirminnilegasta gjöfin er eflaust grillpanna og gjafabréf á geggjaðan Michelin veitingastað úti í Kaupmannahöfn – en gjöfin var frá hönnunarfyrirtækinu Muuto sem ég starfaði fyrir á sínum tíma. Eins fékk ég fallega íslenska hönnuð ein jólin frá Epal, en við eigum svo marga flotta hönnuði hér á landi sem eru að gera það gott og um að gera að styðja við bakið á þeim. Nokkur ár í röð fékk ég matarkörfu frá fyrirtæki sem ég starfaði fyrir, og gaf körfurnar áfram til Mæðrastyrksnefndar sem tók ávallt fagnandi á móti. Ég hef líka fengið inneign í fataverslun sem ég starfaði fyrir, þá í formi hærri afsláttar en starfsmannaafslátturinn var af einni flik – það þótti mér sköndin saga,” segir Elva.

Finnst þér skipta máli að vinuveitendum umbuni starfsmönnum sínum með gjöfum?

„Það er alltaf gaman að fá glaðningi í árslok, því verður ekki neitað. Nokkurs konar umbun fyrir vel unnin störf yfir árið.“

Hver er þin draumgjöf frá vinuveitandanum?

„Draumgjöfin gæti verið svo margt. Ég elska allar upplifanir, svo að gjafabréf í dekur, út að borða, á tónleika eða í ævintýraferð sem keyrir adrenalínið í gang væri skemmtilegt að fá. Nú eða inneign hjá flugfélagi sem tæki mann út fyrir landsteinana í óvissuferð,” segir Elva að lokum.

Flugferð væri draumurinn



Þórunn Högn, útlitshönnuður og stílisti, hefur fengið margar jólagjafir sem hafa glatt hana og er á því að jólagjafir til starfsfólks gleðji.

Hvað er eftirminnilegasta fyrirtækjagjöfin sem þú hefur fengið frá vinuveitanda þínum og hvers vegna var hún eftirminnileg? „Ég hef fengið margar skemmtilegar jólagjafir í gegnum árin. Alls kyns matar-, vín- og ostakörfur sem mér finnst alltaf gaman að fá. Það er engin ein jólagjöf sem stendur upp úr sem ég man eftir. En þegar ég var að vinna hjá SkjáEinum man ég að þeir gáfu alltaf mjög veglegar jólagjafir,” segir Þórunn.

Finnst þér skipta máli að vinuveitendum umbuni starfsmönnum sínum með gjöfum?

„Já, það finnst mér, svo margt hægt að gera fyrir starfsfólkið sitt sem gleður. Mikið af starfsfólki er búin að standa langar vaktir í verslunum yfir hátíðirnar og oft mikið álag á því. Svo auðvitað spilar inn í líka hversu margir starfsmenn eru hjá fyrirtækjunum, hvernig og hvað er gefið í jólagjafir.“

Hver er þin draumgjöf frá vinuveitandanum?

„Mér finnst mjög gaman að ferðast, þannig að gjafabréf hjá flugfélagi væri draumgjöfin mín,” segir Þórunn dreymin á svip.

Þegar það er verið að gefa fyrirtækjagjafir finnst mér líka mjög sniðugt að gefa gjafakort til dæmis í Kringluna, Smáralind eða í Miðbæinn. Þá geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi í öllum þessum verslunum. Bankakort er líka alveg frábær jólagjöf finnst mér.“

Bjargaði jólnum



Berglind Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur, sælkeri og matarbloggari, eigandi blogg-síðunnar Gulur, rauður, grænn og salt, er ein þeirra

sem hefur fengið þónokkrar gjafir frá vinuveitendum sínum og segir meðal annars að ein gjöfin hafi hreinlega bjargað jólnum á hennar bæ.

Hvað er eftirminnilegasta fyrirtækjagjöfin sem þú hefur fengið frá vinuveitanda þínum og hvers vegna var hún eftirminnileg?

„Eftirminnilegasta fyrirtækjagjöfin er inneign í Smáralindina sem ég fékk fyrir nokkrum árum. Ég veit að það er núll rómans fólginni í þeirri gjöf, en á þessum tímamarki var ég búin að vera með kvíðahnúti í maganum yfir því hvernig ég ætlaði að láta enda ná saman þessi jólin. Þetta var því bara algjörlega dásamleg gjöf og ég gat farið og græjað jólin og notið í botn,” segir Berglind.

Finnst þér skipta máli að vinuveitendum umbuni starfsmönnum sínum með gjöfum?

„Já, það þykir mér. Það eru margir sem hlaupa fyrir vinuveitendum sína allt árið og eyða stórum hluta af tíma sínum í vinnunni. Þarna er tækifæri fyrir fyrirtækin að gefa til baka, þakka fyrir og jafnvel koma smá á óvart.“

Hver er þin draumgjöf frá vinuveitandanum?

„Mér finnst bara þrusu fint að fá gjafakort og geta valið jólagjöfina sjálf. En annars slær ilmkerti, rauðvín og hlýir sokkar alltaf í gegn hjá mér,” segir Berglind og brosir sínu hlýja brosi. Berglind bætir að lokum við að það væri lag ef fyrirtæki myndu hafa tímanlega samband við hjálparstofnanir og spyrja: „Hvernig getum við aðstoðað þessi jól?“

Gefðu einstaka upplifun í jólapakkann

Jólagjafabréfin eru komin í FlyOver Iceland. Hægt er að kaupa á staðnum eða fá rafrænt gjafabréf. Gjafabréf hjá FlyOver Iceland gildir á allar sýningar.

Fyrirhugaðar eru tvær gestasýningar árið 2023, Wonders of the American West og Windborne Call of the Candian Rockies, sem sýndar verða auk aðalsýningar. FlyOver Iceland hlaut tvenn stór verðlaun á árinu, Travelers' Choice Award 2022 frá Trip Advisor sem og Best Tech Exhibition, Best of Reykjavík, frá Reykjavík Grapevine.

„FlyOver Iceland notar nýjustu tækni til að veita raunverulega flugupplifun. Gestir sitja í festingu fyrir framan 300 fermetra hnattlaga sýningartjald með fætur í lausu lofti og horfa á myndina, sem fer með þá í æsispennandi ferðalag um Ísland og aðra ótrúlega áfangastaði,“ segir Emilía Sigurðardóttir, markaðsstjóri FlyOver Iceland.

„Tæknibrellur, þar á meðal vindur, þoka og lykt, ásamt hreyfingum búnaðarins gera upplifunina ógleymanlega. Til dæmis áður en aðalsýningin um Ísland hefst eru sýndar tvær myndir með ensku tali þar sem skoðað er hlutverk náttúrunnar, tímans og mannsins á þessari einstöku eyju. Eldfjöll og jöklar, víkingar, tröll og fleira, sem er algjörlega mögnuð upplifun.“



Það er ógleymanlegt að svífa um loftin blá og skoða Ísland frá allt öðru sjónarhorni en venjulega.

MYND/ADSEND

Á víkingaslóðum

Fyrst koma gestir að forníslensku langhúsi víkinga þar sem er íslenskur sögumaður, en við ljómann af eldstæðinu flytur hann sögur sem birtast ljóslifandi í skuggamyndum.

Í Brunni tímans kynnast gestir umfangsmikilli sögu Íslands. Þar birtast náttúruöflin og mannsandinn með aðstoð tónlistar, myndskreiða, myndefnis og tæknibrellna. Þetta er með leidsögn þeirrar vitru, persónu sem byggð er á þjóðsögum um tröll og er

hönnuð af hinum ástsæla myndskreyti Brian Pilkington. Hún er ævaforð og táknað bæði íslenska visku og töfra landsins.

Sú vitra leiðir gesti í gegnum þrjú mismunandi þætti. Fyrst er hægt að upplifa orku landsins í gegnum kraftmikil og gjarnan ofsafengin náttúruöflin. Því næst kemur mannfólkið til sögunnar og tileinkar sér orðatiltækið „þetta reddast“. Loks sést hvernig íslenska þjóðin hefur skapað sér líf á þessum harðbýla stað. Lífið heldur áfram, sama hvað gerist.

800 ára tröllskessa

Líkt og í góðri sögu þurfti FlyOver Iceland sýningin sitt eigið tröll. Við vorum því himinlifandi að fá Brian til þess að teikna fyrir okkur tröll FlyOver Iceland.“

„Sú vitra er 800 ára gömul, einstaklega fród tröllskessa sem hefur orðið vitni að stórum hluta af sögu Íslands,“ segir Rick Rothschild, listrænn stjórnandi FlyOver Iceland, og mikill aðdáandi Brians. „Hún er, eins og nafnið gefur til kynna, afar vitur ... hefur þó efasemdir um heilindi manna en veit hversu

þrautseigir þeir eru og hvernig þeir hafa skapað sér líf á þessu harðbýla skeri.“

„Frá upphafi lá það ljóst fyrir hjá FlyOver Iceland-teyminu að mikilvægt væri að fá íslenskt hæfileikafólk til að semja tónlistina við hið sjónræna listaverk sem sýningarmyndin er. Það er algjörlegt lykilstærð að tengja heildarupplifunina viðkomandi stað, að hún verði raunsönn og skapi tilfinningaleg hughrif,“ segir Emilía.

Tónlist Sigur Rósar

Bræðurnir Kjartan og Georg Holm ásamt kollegum sínum, Paul Corley og Daniel Bjarnasyni, eru þekktir fyrir vinnu sína með hinni góðsagnakenndu íslensku hljómsveit, Sigur Rós.

Kjartan samdi tónlistina, tók hana upp og útfærði fyrir FlyOver Iceland. Saman og í sitt hvoru lagi eru þeir þekktir fyrir yfirnáttúrulega tónlist sína, sem ýmist hefur hljómað á leikvöngum á hljómsveitum um heiminn, kvikmyndum eða sjónvarpsþáttum.“

Sýningin er í algjörum sérfllokki og öllum aðgengileg. Okkar einstaka land birtist á sama hátt og hjá fuglinum sem svífur yfir með ilmi, vindi, sól og regnúða. ■

Gjafabréfin fást í fallegum gjafumbúðum í FlyOver Iceland, Fiskislóð 43 eða með því að ganga frá kaupum á heimasíðunni og fá þau send í tölvupósti.

GJAFABRÉFIN ERU KOMIN

FlyOver
ICELAND

Vinarþel, fjör og huggulegheit í vinnunni

Í aðdraganda jólanna í ár fagnar vinnandi fólk því að eiga aðventuna saman eftir Covid-litaða jólatíð undanfarin ár. Þá er tilvalið að þjappa starfsfólkinu enn betur saman og gera sem mest úr skemmtilegasta tíma ársins.

thordisg@frettabladid.is

Það þarf ekki mikið til að gleðja starfsfólkið og koma því í jólaskap. Jólafartí á vinnutíma getur því verið skemmtileg tilbreyting svo flestir taki þátt en tilgangurinn er að skemmta fólki og auka enn á stemningu aðventunnar.

Hér gefast hugmyndir að gefandi dögum í vinnunni á meðan beðið er eftir jólunum.

- Jólábíngó í hádeginu þjappar fólki saman og vekur ætíð spennu þegar eftirsóknarverðir vinningar eru í boði. Það geta verið bíomiðar, máltíð á skyndi-bitastað, jólabolli í vinnuna, jólatré, jólapeysa og hvaðeina.
- Náttfatapartí í anda kósítímans í svartasta skammdeginu. Ekki er verra ef náttfötin eru með jólalegu munstri eða myndum. Verðlaun eru veitt fyrir besta dressið, útbúið kósihorn með jólábíomýndum og vitaskuld er boðið upp á morgunmat með jólalegu ívafi, heitu súkkulaði, kanillkaffi, smákökum og fleira góðgæti.



Heitur súkkulaðiþar með öllu tilheyrandi hittir í mark. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

- Hver skreytir fegursta jólatréð? Skipt er í lið og gefinn hálf tími til að skreyta lítil jólatré, með skrauti sem fylgir, eða því sem komið er með að heiman. Þema hvers trés er útskýrt og reynt að ganga í augun á dómurunum.
- Gæludýradagur. Jólin koma hjá öllum, mönnum og málleysingjum. Því ekki að hafa einn dag þar sem eigendur gæludýra fá að koma með þau á skrifstofuna? Það gæti sannarlega orðið líflegt og ekki síst notalegt að njóta návista við mjúk og falleg dýrin. Hægt er að koma með dýrin í búningum og hafa búningakeppni.
- Silent Diskó er ávisun á tærar

- gleðistundir þegar starfsmenn dansa um hljóðlaust í vinnurýmiinu en með þráðlaus heyrnartól sem spila fyrir þá dillandi danstónlist.
- Að skreyta piparkökukhús kemur öllum í jólaskap og hleypir metnaði í mannskapinn. Skaffa þarf piparkökukhús, glassúr, sykurrúða og sælgæti til skrauts, og vitaskuld má koma með hluti að heiman til að fullkomna verkið og slá í gegn.
- „Aldrei hef ég ...“ er skemmtilegur partíleikur. Þátttakendur halda uppi tíu fingrum og skiptast á staðhæfingum sem byrja á „Aldrei hef ég“. Þeir sem eru sekir um eitthvað



Búningakeppni gæludýra starfsfólks er loforð um fjörlegan vinnudag.


- sem staðhæft er verða að setja einn fingur niður og leikurinn heldur áfram uns aðeins einn er eftir. Dæmi um staðhæfingar geta verið „Aldrei hef ég kysst einhvern undir mistilteini“ eða „Aldrei hef ég gefið öðrum jólagjöf sem ég fékk“ eða „Aldrei hef ég hætt með einhverjum um jólin“ eða „Aldrei hef ég gleymt að kaupa jólagjöf handa ástvini“ eða „Aldrei hef ég hótad börnunum að jólasveinninn komi ekki“, en möguleikarnir eru auðvitað óþrjótandi.
- Heitur súkkulaðiþar hittir flesta í hjartastað og kostar litla fyrirhöfn. Það eina sem til þarf er ketill til að hita vatn eða brúsar með heitu súkkulaði, kakómix, síróp með jólalegu bragði, sælgætisstafir til að hræra í, sykurrúðar og þeyttur rjómi, jafnvel líka chiliduft, hnetusmjör og hvaðeina sem passar vel.

- „Minute to Win it“ er æsispennandi og fjörugur leikur sem er auðvelt að setja í jólabúning. Skipt er í lið sem þarf að leysa þrautir á met tíma til að eiga möguleika á sigri. Þrautirnar geta til dæmis verið að setja litla smáköku á ennið og koma henni í munninn án þess að nota hendurnar, líma tissjúbox á bakið og fylla með borðtennis-kúlum sem þarf að hristast með sveiflum eins og snjóbolta úr kassanum, slá eins mörgum golfkúlum í kaffibolla og hægt er á mínútu, reyna að hengja eins marga sælgætisstafi og hægt er innan tímamarka á einn liðsmann, og setja blöðrur á gólfíð sem þátttakendur reyna að sprengja með því að setjast á þær, en í einhverjum blöðrum gæti leynst glaðningur, eins og falleg orð, ávisun á sæta gjöf eða miði á jólatónleika.
- Skransafnarinn er annar skemmtilegur leikur þar sem skipt er í lið og reynt að finna eða leysa flest sem er á listanum. Það geta verið gátur að leysa eða leikræn tilþrif eins og að setjast á hné jólasveins, að finna jólateikningu barns, ná fram uppskrift að smáköku hjá vinnufélaga, finna úttroðinn jólasokk, dagatal með hring utan um aðfangadag, jólakort, engil, snjókarl, flösku af jólaglöggi eða hvað sem fólk dettur í hug. ■

Ný og öflug fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is

Öflugur fasteignaleitarvefur með einföldu og notendavænu viðmóti sem býður upp á ítarlegar upplýsingar um fasteignir, þróun verðlags og fróðleik um fasteignamarkaðinn.



 Fasteignaleitin

frettabladid.is

NÓI SÍRÍUS

Bragðgott markaðsefni

Það er fátt skemmtilegra en að gleðja starfsfólk og viðskiptavinum með gómsætu súkkulaði í aðdraganda jólanna. Komdu starfsfólkinu þínu og viðskiptavinum á óvart með ljúffengu súkkulaði eða öðrum sérsniðnum gjafalausnum fyrir þitt fyrirtæki. Sætustu gjafirnar eru alltaf bestu gjafirnar.



Konfektkassar

Klassísku Nóa Sírius konfektkassarnir. Mikið úrval stærða og með möguleika á innpökkun.



Sérmerktar öskjur

Hannaðu þitt eigið útlit á sérmerktar öskjur í ýmsum stærðum.



Gjafakörfur

Gjafakörfur með broti af því besta, fullkomnar fyrir góðar samverustundir.



Konfekt

Hið ómissandi Nóa konfekt í 560g, 800g og 1kg öskjum. Fullkomið fyrir kaffistofuna eða fundarherbergið.



Öskjur

Nokkrar stærðir af öskjum fylltum af innpökkuðu súkkulaði til að deila.



Sérmerkt smástykki

Innpakkaðir molar til að deila með starfsfólki og viðskiptavinum.

NÓI SÍRÍUS

Hafðu samband! Við tökum við fyrirspurnum og pöntunum í síma 575 1800 eða með tölvupósti á noi@noi.is

NÓI
Konfekt

Gjafabréf sem renna aldrei út í símanum þínum

GER heildverslun er fyrir-tækjajónusta sem tengist Húsgagnahöllinni, Dormu og Betra baki, en öll eru vörumerkin hluti af GER verslunum ehf. Gjafabréf eru alltaf vinsæl og þar sem vörunúmer GER verslana eru um 11.000 ætti að vera auðvelt að velja gjafir fyrir starfsmenn úr þeim fjölmörgu vöruflokkum sem eru í boði.

„GER verslanir reka Húsgagnahöllina, Dormu, Betra bak og Hästens ásamt GER heildverslun, sem er fyrir-tækjajónusta vörumerkjanna og sérhæfir sig í heildarlausnum fyrir fyrirtæki, meðal annars hótél og gistiheimili með nánast ótæmandi úrvali af vönduðum dýnum, rúmunum og líni ásamt húsgögnum og gjafavörum fyrir hvers kyns rými og rekstur. Einnig höfum við mikið úrval af fallegu og vönduðu leirtaui fyrir veitingastaði. Ásamt þessu bjóðum við vönduð sér-vörumerki með gjafavöru og húsgögnum fyrir verslanir til endursölu,“ segir Hafsteinn Máni Guðmundsson, sölustjóri GER heildverslunar.

Vinsæl gjafabréf

„Nú eru mjög skemmtilegir tímar fram undan og komum við til móts við bæði núverandi og nýja viðskiptavinum með vali á jólagjöfum fyrir starfsfólk þeirra. Gjafabréfin eru alltaf langvinsælust en þar sem við erum með um það bil 11.000 vörunúmer þá ættu allir að geta valið sér gjöf sem bæði eldist og endist vel og allir geta notað. Núna eru gjafabréfin komin í símana og renna þar afleiðandi aldrei út,“ segir Hafsteinn Máni og bendir á að fyrirtækið sé með allt frá sófum og rúmunum og niður í inniskó. „Við ættum að geta útvegað það sem fólk óskar eftir og þess vegna eru gjafabréfin góð lausn. Fyrirtækin gefa starfsfólki sínu gjafabréf og síðan getur hver og einn valið sér eitthvað sem nýttist honum. Við erum með tilboðsdaga til 31. október fyrir fyrirtæki sem versla fyrir 100.000 krónur eða meira, en veittur er 15% afsláttur af heildarkaupum gjafakorta þar sem ekkert lágmark er á upphæð hvers gjafakorts. Við getum svo sent gjafakortin til starfsmanna með tölvupósti eða sms á fyrirfram ákveðnum tíma, eftir óskum kaupanda. Starfsmenn geta þá bætt því í Apple Wallet eða Google Wallet og mætt í einhverja af okkar verslunum þar sem hægt er að velja sér gjöf úr þúsundum vörunúmera.“

Jólagjafabæklingur

Jólagjafabæklingur GER heildverslunar verður fljótlega settur á heimasíðuna gerheildverslun.is. „Í honum sýnum við brot af því sem við bjóðum upp á. Við reyndum að velja góðar jólagjafahugmyndir sem allir ættu að geta notað og ættu að koma sér vel.“

Eins og þegar hefur komið fram er vöruúrvalið gríðarlega mikið svo það er af nógu að taka fyrir vinnuveitendur þegar þeir velja gjafir fyrir starfsfólk sitt.

Hafsteinn Máni nefnir einstaka inniskó KOSY sem eru hannaðir í samstarfi við Lárus Gunnsteins-son skóhönnuð. „Þessir inniskór eru með níu svæða nuddinnleggi sem dregur úr spennu og örvar blóðflæði. Við höfum verið með týpurnar Storm og Yl í nokkurn tíma en þær fást bæði í herra- og dömusniði. Einnig vorum að taka inn Frost og Mistur en það eru nýjar útfærslur af inniskónum en með sama nuddinnleggi. Þetta er einstaklega góð og vönduð gjöf sem gleður.“



Hafsteinn Máni Guðmundsson, sölustjóri hjá heildsölu GER verslana, segir að með gjafabréfi og vali um 11.000 vörunúmer ættu allir að geta valið sér gjöf sem bæði eldist og endist vel og allir geta notað.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Alls kyns munir fyrir heimilið eru í boði í verslunum GER.



Inniskórnr eru til bæði fyrir karla og konur en þeir eru hannaðir í samstarfi við Lárus Gunnsteins-son skóhönnuð.



Mjúkir og vandaðir inniskór sem hannaðir eru hér á landi.



Margir fallegir hlutir í boði fyrir þá sem eiga gjafabréf.



Gjafabréf eru alltaf þægileg og vinsæl gjöf. Hægt er að fá gjafabréfið beint í símann.

Síðan má nefna mikið úrval af fallegum kertastjökum og kertum.

Alltaf spennandi að fá jólagjöf

Hafsteinn Máni segir að starfsfólk GER heildverslunar vilji endilega að fólk hafi samband ef það er eitthvað

annað sem það óskar eftir eða vill spyrja um. „Það eru alltaf allir starfsmenn ótrúlega spenntir fyrir því að fá gjöfina frá fyrirtækinu sínu þannig að það getur verið svoltið flókið að velja rétta gjöf sem hentar öllum. En þá er um að gera að hafa samband og við hjálpum við að velja réttu gjöfina.“ ■

Þá má einnig nefna nýtt vörumerki sem tengist sælkeravörum sem kallast Lie Gourmet. „Þar eru alls konar olíur og krydd, matarpakkar, súkkulaði, pestó og fleira sem gefa fólk ákveðna gæðastund. Við erum líka með mikið úrval af pressukönnum og bollum, settum upp pakka með þeim, en það má bæta við sælkerasúkkulaði þannig að vinnuveitendur geti gefið starfsfólki sínu góða kósistund heima um jólin og jafnvel fengið með bókina „Þess vegna sofum við“ eftir Matthew Walker.

Þá er einnig mikið úrval af vönduðum brettum og kjötbrettum með fallegum hnífum og leðursvuntum og svo er alltaf vinsælt að gefa dásamlega mjúka gjöf eins og sæng og koddá.“

REKKAR
— vöruhótel —



Betra BAK

GER
VERSLANIR

Hästens

DORMA


HÚSGAGNAHÖLLIN

YAY fyrir ǿ starfsfólkinu!

Með YAY eru starfsmannagjafir afhentar á umhverfisvænan, skemmtilegan og fljótlegan hátt.

Hvers vegna YAY gjafir?

- Eitthvað fyrir alla! Starfsfólk velur gjafir frá meira en 200 samstarfsaðilum um allt land.
- Engar umbúðir og enginn jólapappír.
- Taktu upp skemmtilegt myndband og gerðu gjöfina persónulega.
- Fyrirtækjapjónusta YAY er gjaldfrjál – enginn aukakostnaður.



LECTED
ME / HOMME

KRAUMA

CINTAMANI

AL

FISH
MARK

LS

FJALLA
KOFINN

TE & KAFFI

ÍSLANDS
HÓTEL

HÜRRA REYKJAVÍK

HVAMMSVÍK
HOT SPRINGS

.origo.

LITLA
HÖNNUNAR
BÚÐIN

GG-SPORT

ÍSLENSKA
HAMB
ORGARA
FABRIK
KAN

Lin
DESIGN

VERO MODA



Vörur sem hitta í mark!

Hjá fyrirtækjapjónustu S4S er hægt að finna vörur sem henta öllum fyrirtækjum til sjávar og sveita, hvort sem um er að ræða starfsmannafatnað, gjafir til starfsfólks, fánastangir eða farartæki. Við sérsníðum þjónustuna að þörfum hvers og eins.

Devold ullarfatnaður fyrir alla

Hlýr undirfatnaður er mikilvægur þegar kemur að vinnu í köldu umhverfi. „Devold ullarfatnaðurinn er gerður úr merino ull, er mjúkur og endingargóður og hentar hvaða vinnu sem er. Þá er hann frábær í alla útivist, enda til í nokkrum mismunandi þykktum og útgáfum. Fyrirtæki hafa í auknum mæli valið Devold fyrir sitt starfsfólk enda hentugur sem vinnufatnaður sem og í gjafir.“, segir Adolf Óskarsson.

Útivist hefur aldrei verið eins vinsæl og óhætt að segja að jólagjöfin í fyrra hafi verið útivistarfatnaður og fylgihlutir. „Bakpokar, göngustafir, gönguskór, göngufatnaður og allt tilheyrandi var gríðarlega vinsælt í fyrra og ekkert lát virðist vera á“, segir Adolf.



Jón Birgir Valsson og Adolf Óskarsson - Fyrirtækjapjónusta S4S

Inniskór í jólapakkann

„Við reukum skóbúðirnar Steinar Waage, Kaupfélagið, Skechers, Ecco og Toppskóinn þar sem allir ættu að geta fundið góða skó fyrir sig, en við leggjum mikla áherslu á gæðamerki og fjölbreytt úrval. Við erum einnig með gott úrval af vinnuskóm frá Ecco og Skechers sérstaklega, en við vitum hversu mikilvægt er fyrir fólk sem stendur mikið að vera í vönduðum skóm“, segir Adolf.

„Góðir inniskór eru tilvaldir á kaffistofuna og önnur hrein svæði og má þar sérstaklega nefna Rohde inniskóna og Sanita klossana“.

Rafhjól og rafhlaupahjól enn í sókn


„Færst hefur í vöxt að fyrirtæki festi kaup á rafhjólum og rafhlaupahjólum fyrir starfsfólk sitt til að skjótast í skemmri ferðir milli staða þar sem vegalengdir eru allt frá nokkur hundruð metrum upp í nokkra kílómetra enda eru stjórnendur fyrirtækja orðnir mjög meðvitaðir um mikilvægi umhverfsvænna samgangna. Því hafa örflæðisfarartæki eins og rafhjól og rafhlaupahjól orðið sífellt vinsælli“ segir Jón Birgir Valsson og bætir við að S4S bjóði einnig upp á úrval stærri

farartækja eins og buggy bíla, fjórhjól, sexhjól og snjósleða í gegnum dótturfyrirtæki sitt, BRP. „Til gamans má geta að lögreglan keypti nýverið fjögurra manna buggy bíl að gerðinni Can-Am til notkunar á torfærari vegum“.

Bylting í gjafakortum

Fyrir tæpum tveimur árum síðan voru gjafakort S4S uppfærð í rafræn kort og samhliða því var hægt að setja þau beint í símann, þar sem þau birtast á sama stað og greiðslukort og ökuskírteini eru [Wallet í Apple og Android]. Þau virka jafnt í öllum verslunum fyrirtækisins, sem og netverslun ásamt því að renna aldrei út. „Til að einfalda gjafakaupin er auðvitað frábær kostur að kaupa gjafakort S4S. Þó svo fólk eigi allt, þá vantar alltaf skó, vettlinga, peysur og annan fatnað, auk þess sem sumir vilja safna sér fyrir dýrari vörum sem fást hjá okkur t.d. rafhjól eða buggy bíl“, segir Jón Birgir. „Gjafakortin okkar hafa alltaf verið vinsæl, en með þessum breytingum sem við höfum gert eru þau orðin enn

meira spennandi kostur fyrir öll tilefni, hvort heldur sem er fyrir fyrirtæki eða einstaklinga. Einnig hefur færst í vöxt að fyrirtæki nýti gjafakortin sem beiðnakort þegar keyptur er til að mynda vinnufatnaður fyrir starfsfólk þess. Þá hefur viðtakandi möguleika á að versla í einni af 5 netverslunum S4S jafnt og í einni af 13 verslunum fyrirtækisins, allt eftir því sem hentar. Þau hagsýnu sjá hag sinn í því að nýta kortin sem best á tilbodsdögum og útsölum, á meðan aðrir eru snöggir til þegar nýjar vörur bjóðast“.



FYRIRTÆKJAPJÓNUSTA S4S

Hafðu samband, fáðu tilboð og við finnum saman lausnir fyrir þitt fyrirtæki.

Adolf Óskarsson / adolff@s4s.is / 660-1711

Jón Birgir Valsson / jonbirgir@s4s.is / 699-0019

EINFALDAÐU GJAFAKAUPIN MEÐ GJAFAKORTI S4S



SKANNAÐU KÓÐANN
OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ



S4S

ELLINGSEN

AIR

STEINAR WAAGE

ECCO

Skór.is

Toppskórin

SKECHERS

Kaupfélagið

DEVOLD®

NORWAY 1853

“THINK BEYOND
WEAR MERINO”

ULL SEM STINGUR EKKI



BUXUR - HERRA

EXPEDITION: 15.995 KR.
DUO ACTIVE: 12.995 KR.



DUO ACTIVE - HERRA

ÓRENND: 12.995 KR.
RENND: 13.995 KR



EXPEDITION - HERRA

ÓRENND: 15.995 KR.
RENND: 18.995 KR



BREEZE KRAGI

4.995 KR.



BUXUR - DÖMU

EXPEDITION: 15.995 KR.
DUO ACTIVE: 12.995 KR.



DUO ACTIVE - DÖMU

ÓRENND: 12.995 KR.
RENND: 13.995 KR



EXPEDITION - DÖMU

ÓRENND: 15.995 KR.
RENND: 18.995 KR



DAILY MED SOKKAR

4.995 KR./ ST. 36-46

ECCO® VINNUSKÓR



XPEDITION III



XPEDITION III



OFFROAD



EXOSTRIDE

FLAGGSTANGIR FYRIR
ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR



FORMENTA

ALLT FYRIR
ÚTIVISTINA

ELLINGSEN

S4S

ELLINGSEN

AIR

STEINAR WAAGE

ECCO

Skór.is

Toppskórin

SKECHERS

Kaupfélagið



Gjafa
kort

Þjóð
leik
húsið

Gefðu starfsfólkinu

Tillhlökkun, upplifun og ógleymanlegar minningar



Gjafakort Þjóðleikhússins felur í sér ógleymanlega kvöldstund á sýningu að eigin vali úr fjölbreyttuúrvali sýninga leikhússins. Hægt er að stækka gjöfina með veitingum fyrir sýningu og í hléi. Það eru líka spennandi tilboð í gangi en tillökkunin fylgir alltaf frítt með!

Hægt er að óska eftir tilboðum í gjafakortapakka fyrir starfsfólk með því að senda póst á midasala@leikhusid.is

leikhusid.is | 5511200 | midasala@leikhusid.is



Margar konur glíma við endurteknar þvagfærasýkingar, en um 60% kvenna fá sýkingu einhvern tímann á lífsleiðinni.

MYNDIR/ADSENDAR

Einstök meðferð við blöðrubólgu án sýklalyfja

Florealis býður upp á jurta-lyfið Lyngonia sem er eina viðurkennda meðferðin við endurteknum þvagfærasýkingum kvenna sem ekki er í flokki sýklalyfja.

Margar konur glíma við endurteknar þvagfærasýkingar, en um 60% kvenna fá sýkingu einhvern tímann á lífsleiðinni og allt að þriðjungur þeirra fær endurteknar sýkingu innan 6 mánaða. Allir geta fengið blöðrubólgu, en líffræði kvenna, meðganga, breytingaskeið og sjúkdómar svo sem sykursýki auka líkur á sýkingu.

Helstu einkenni blöðrubólgu eru sviði við þvaglát, verkur í neðanverðum kvið og stöðug

» Allir geta fengið blöðrubólgu, en líffræði kvenna, meðganga, breytingaskeið og sjúkdómar svo sem sykursýki auka líkur á sýkingu.

þörf á að pissa, jafnvel þegar þvagbláðran er tóm.

Blöðrubólga er almennt meðhöndluð með sýklalyfjum, en á undanförunum árum hefur ónæmi gegn sýklalyfjum aukist töluvert sem gerir meðferð ýmissa sýkinga erfiða. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) og aðrar alþjóðlegar stofnanir hafa lýst því yfir að sýklalyfjaónæmi sé ein mesta ógn við heilbrigði sem mannkynið stendur frammi fyrir.

Lyngonia - eina viðurkennda meðferðin án lyfseðils
Lyngonia vinnur gegn einkennum vægra þvagfærasýkinga. Jurtalyfið byggir á virkum efnum úr sortu-



Florealis býður upp á úrval jurtalyfja sem byggja á virkum náttúru efnum.

lyngi (e. uva-ursi) sem hafa baktériudrepandi virkni og verka staðbundið í þvagrásinni. Lyngonia hefur því ekki áhrif á bakteríufloðu annars staðar í líkamanum, eins og þekktist með hefðbundin sýklalyf. Best er að byrja að taka Lyngonia um leið og einkenna

verður vart. Lyfið er ekki ætlað sem fyrirbyggjandi meðferð.

Staðfest klínísk virkni

Lyngonia inniheldur virk efni úr sortulyngi, en jurtin

er á meðal elstu lækningajurta á Íslandi. Hún hefur staðfesta virkni í klínískum rannsóknum og skráða örugga notkun í Evrópu í yfir 40 ár. Lyngonia var fyrsta jurtalyfið á Íslandi til að fá leyfi Lyfjastofnunar.

Gagnlegar upplýsingar

Lyngonia fæst í öllum apótekum án lyfseðils og inniheldur pakkningin allt að þrjú meðferðarskammta.

Lyngonia er jurtalyf sem hefur er fyrir og ætlað konum eldri en 18 ára eftir að alvarleg veikindi hafa verið útilokuð af lækni. Notkun er

2 töflur 2-4 sinnum á dag og ekki skal nota lyfið lengur en í eina viku. Ef einkenni eru viðvarandi í meira en 4 daga eða versna við notkun skal hafa samband við lækni. Ekki á að nota Lyngonia ef truflun er á nýrnastarfsemi. ■

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðil fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á serlyfjaskra.is og á heimasíðu Florealis, florealis.is.



Lyngonia fæst í apótekum án lyfseðils.

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaelis. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

Rúnar Múrari ehf
S. 774 3800

Innimálning
Parketlagning
Gluggaskipti
Múrviðgerðir
Epoxy
Pakskipti

runarmur@gmail.com

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð
verð. Straumblik ehf. Löggitur
Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði

Gítarar og
hljómborð
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

BLÖÐIN

Bláðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma.
Geymslur fyrir dánarbúið, allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

Ábendingahnappinn má
finna á www.barnaheill.is



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögu að breyttu deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Kjalarnes, Jörfi/Norðurgrund

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 10. ágúst 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 18. ágúst 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Grundarhverfis á Kjalarnesi. Í tillögunni felst uppbygging á íbúðarhúsnæði og nýjar lóðir skilgreindar innan íbúðarsvæðis ÍB57 skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Um er að ræða uppbyggingarmöguleika á níu lóðum allt að 81 íbúðum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **12. október 2022 til og með 23. nóvember 2022**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 23. nóvember 2022.** Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík 12. október 2022
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Þjónustu- og skipulagssvið Akureyrarbæjar



Tryggvabraut og atvinnusvæði norðan hennar Tillaga að nýju deiliskipulagi

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar auglýsir hér með skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að deiliskipulagi fyrir Tryggvabraut og nágrenni.

Skipulagssvæðið afmarkast af Tryggvabraut og atvinnusvæði norðan hennar. Markmið með deiliskipulaginu er að bæta yfirbragð Tryggvabráutar, auka umferðaröryggi og bæta samgöngur fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, skilgreina uppbyggingu og framtíðarsýn fyrir svæðið ásamt því að skilgreina auknar byggingarheimildir á lóðum sem snúa að Tryggvabraut.

Þeir sem þess óska geta kynnt sér deiliskipulagstillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillöguupprátt ásamt greinargerð má nálgast hjá þjónustu- og skipulagssviði í Ráðhúsi Akureyrar frá 12.október til 28.nóvember 2022. Tillagan verður einnig aðgengileg á sama tímabili á heimasíðu bæjarins: www.akureyri.is – neðst á forsíðu undir: *Auglýstar skipulagstillögur.*

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út 28.nóvember 2022.

Athugasemdum, þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram, má skila með tölvupósti á netfangið skipulag@akureyri.is eða bréfleiðis til þjónustu- og skipulagssviðs í Ráðhúsi Akureyrar, Geislagötu 9, 600 Akureyri.

Akureyri, 12.október 2022
Skipulagsfulltrúi



Akureyrarbær
Þjónustu- og skipulagssvið Geislagata 9 Sími 460 1000 www.akureyri.is skipulag@akureyri.is



www.verslun.is



www.geirihf.is

Munaskápar



Búninga- og munaskápar

Fánlegir í ýmsum litum - með læsingum og snertilásum
Stærð HBD - 1900x 1200 x 500



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is

Velkomin í sýningarsalinn Draghálsi 4 - Sími 5351300 - verslun@verslun.is

Þegar áhugamál styðja við fjöldamorð



Eyþór Viðisson
löggæslu- og ör-
yggisfræðingur

Opið bréf til Alþingis.

Kæru þingmenn, -konur og -kvár. Notkun vopna hefur aukist hér á landi síðustu ár; hnífaburður er almennur í ákveðnum hópum, skammbyssum hefur fjölgað mikið og nú eru hálf- og alsjálfvirk skotvopn farin að finnast í húsléitum og jafnvel verið að munda slík vopn í einhverjum tilfellum. Lögreglu-yfirvöld hafa miklar áhyggjur enda eru lögreglumenn í miðju þessarar þróunar og stíga inn í aðstæður sem sífellt verða varasamari.

Sú staðreynd að hér á landi skulu yfir höfuð vera til hálfjálfvirk og sjálfvirk vopn er fátalleg. Hvað hefur herlaus þjóð með ríka veiðihæfð að gera við slík vopn? Slík vopn eru hönnuð til að drepa fólk á skilvirkan hátt en ekki villt dýr í náttúrunni og við þurfum þau ekki.

Þarna komið þið sterk inn, kæra þingfólk.

Í vopnalögum er að finna ákvæði um að lögreglustjóri getur heimilað einstaklingi að eiga og varðveita skotvopn sem hefur ótvírætt söfnunargildi af „sérstökum ástæðum“. Einnig má eiga takmarkað magn skotfæra fyrir slík vopn, enda hafi vopnin ótvírætt söfnunargildi. Sjálfvirk vopn (hríðskotabyssur) falla hér undir. Mér finnst þetta ákvæði fátallegt og mögulega stórhættulegt.

Fikniefni eru ólögleg og það má því ekki safna þeim. Barnaklám er ólöglegt og má ekki safna því. Listinn er lengri. En vopn sem hönnuð eru til að drepa fjölda fólks á mjög skömmum tíma? Jú, það má safna þeim. Af hverju? Af því að þau hafa tilfinningagildi fyrir safnarann? Getur einhver rökstutt þetta?

Þeir sem sinna öryggismálum á fjölförnum og opnum vinnustöðum eru þessa dagana að endurskoða hjá sér öryggismálin í kjölfar nýlegra fréttu af meintri vopnasöfnun tveggja einstaklinga. Í dag skiptir ekki máli hver niðurstaðan af rannsókn lögreglu verður.

Allir sem fylgjast með fréttum finna að það eru að eiga sér stað þjóðfélagslegar breytingar er kemur að vopnaeign og -notkun hér á landi. Viljum við að íslenskir vinnustaðir fari að kenna starfsfólki sínu að þekkja skothvelli úr fjarlægð til að hægt sé að bregðast tímanlega við? Það stýttist í það að óbreyttu. Flestar skotárásir af þessu tagi taka u.þ.b. 90-180 sekúndur og tala fallinna á þeim tíma getur skipt tugum á stórum vinnustað eða á atburði.

Byssusafnarar eiga sumir hundruð vopna, mörg þannig að þau geta valdið skelfilegum skaða á mjög skömmum tíma. Það má ekki gleyma að byssusafnarar eru venjulegar manneskjur. Byssusafnari getur lent í fjárhagsörðugleikum, hann eða hún getur þróað með sér fiknivanda, geðræn vandamál, heilabílanir eða annað, sem veldur því að viðkomandi ætti ekki að vera með vopnabúr í sinni vörslu.

Hefðbundið eftirlit með söfnunum, leyfisveitingar, vottorð og annað slíkt er ekki nóg. Nýlegir atburðir sanna þetta; skotárás á bíl borgarstjóra, maður skaut ölvadur úr skammbyssum á Stokks-eyri (hald lagt á 90 skotvopn), árás á Egilsstöðum þar sem viðkomandi var vopnaður m.a. skammbyssum, morð á Blönduósi og fleiri dæmi sem ekki verða rakin hér.

Í þessu samhengi er oft talað um

hversu örugglega byssusafnarar geyma vopn sín. Ég hef unnið sem sérfræðingur í öryggismálum í áratugi og ég get sagt það með mikilli vissu að það er ekkert rými svo öruggt að ekki sé hægt að brjótast inn í það. Svo er líka hægt að neyða fólk til að opna læst rými, nú eða gabba það. Það er gott að rifja upp þá reglu að besta leiðin til að stýra áhættu er að eyða henni.

Að þessi vopn skuli vera til hér á landi er óþarfi.

Það stýttist í fyrstu hóp-skotárásina hér á landi. 5, 10 eða 15 ár? Ég veit það ekki, en öll rök benda til þess að það stýttist. Þegar slík árás verður gerð þá skiptir öllu máli að hún sé ekki gerð með sjálfvirkum vopnum.

Það er erfitt að stýra vilja fólks til vöðaverka en ég vil frekar sjá

slíka árás gerða með hefðbundnum veiðirifflum en ekki t.d. sjálfvirkum AR-15 sem skýtur 45 kúlum á mínútu og getur borið 30 skota magasin.

Þingfólk, nú er það í ykkar höndum að reyna að koma í veg fyrir fjöldamorð. Breytum vopnalögum og bönnum byssusöfnun. Það má kaupa söfnun af þessu fólki á sanngjörnu verði, farga vopnunum og

koma í veg fyrir atburði eins og við lesum um í öðrum löndum. Ástralir gerðu þetta eftir skotárás í Port Arthur árið 1996 þar sem 35 létust. Ekkert í líkingu við það hefur komið upp þar síðan.

Komum í veg fyrir hugsanlegt fjöldamorð á Íslandi. Þið eruð í dauðafæri að koma í veg fyrir harmlæk af þessu tagi. Nú er boltinn hjá ykkur. ■

JAFNVÆGISVOGIN 2022

STAFRÆN RÁÐSTEFNA

MIÐVIKUDAGINN 12. OKTÓBER KL. 12-13:20 – Í BEINNI ÚTSENDINGU Á WWW.RUV.IS

JAFNRÉTTI ER ÁKVÖRÐUN

Dagskrá ráðstefnu



Katrín Jakobsdóttir



Dr. Ásta Dís Óladóttir



Ásta Fjeldsted



Birgir Jónsson



Eliza Reid



Bragi Valdimar Skúlason

Ávarp

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

Erum við að beita úreltum aðferðum?

Dr. Ásta Dís Óladóttir, dósent í stjórnum og alþjóðaviðskiptum við Háskóla Íslands

Jákvæð fyrirtækjamenning í flugtaki

Birgir Jónsson, forstjóri PLAY

Verum meðvituð um hið ómeðvitaða

Ásta Fjeldsted, forstjóri Festi

Allskyns orð

Bragi Valdimar Skúlason, íslensku-, tónlistar-, markaðs- og sjónvarps-manneskja

Eliza Reid forsetafrú flytur ávarp og veitir viðurkenningar Jafnvægisvogarinnar árið 2022

Kynnir

Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir

SKRÁÐU ÞIG Á
JAFNVÆGISVOGIN.IS
TIL AÐ HORFA
Á RÁÐSTEFNUNA



Jafnvægisvog FKA sýnir svart á hvítu hver staðan er á jafnrétti meðal stjórnenda í íslensku atvinnulífi. Markmið Jafnvægisvogarinnar er að kynjahlutfall í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja verði 40/60 árið 2027. Til þess að það gerist þarf að grípa tafarlaust til aðgerða. Er fyrirtækið þitt á réttri leið? **Breytum þessu strax!**





Íslensku stelpurnar þökkðu þeim tæplega 200 stuðningsmönnum sem lögðu leið sína á leikinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

HM-draumurinn rann út í sandinn

Íslenska kvennalandsliðið er úr leik í undankeppni HM 2023 eftir 1-4 tap gegn Portúgal í framlengdum leik í gær. Íslenska liðið vaknaði til lífsins eftir að hafa misst mann af velli í upphafi seinni hálfleiks en þreyttir fætur Stelpnanna okkar héldu ekki í við Portúgali í framlengingunni.

aron@frettabladid.is

FÓTBOLTI Frækin barátta íslenska kvennalandsliðsins eftir að hafa lent manni undir verðskuldaði ekki jafn stórt tap og raun bar vitni þegar Portúgal vann 4-1 sigur á Íslandi í gærkvöld. Ísland missti mann af velli í upphafi seinni hálfleiks og lenti um leið marki undir en náði að jafna leikinn og koma sér í framlengingu. Þar skildi liðsmunurinn að og gengu Portúgalir á lagið. Portúgal fer því í lokakeppni HM í fyrsta sinn en Stelpurnar okkar sitja eftir með sárt ennið.

Þegar liða tók á framlenginguna færði íslenska liðið sig framar á völlinn sem skildi eftir stór pláss fyrir Portúgali að sækja í og tókst heimakonum að fegra úrslitin með

góðum skyndisóknum þegar liða tók á framlenginguna.

Eftir vonbrigðin í síðustu undankeppni komst Ísland enn nær því að komast í lokakeppni HM í fyrsta sinn en líkt og síðast tókst ekki að taka lokaskrefið sem er að komast inn á HM. Óvíst er hvort að mikil leikmannavelta verði í liðinu fyrir næsta verkefni en næst tekur við undankeppni EM 2025 sem hefst á næsta ári.

Þorsteinn Halldórsson gerði eina breytingu frá síðasta leik. Selma Sól Magnúsdóttir kom inn í stað Svövu Rósar Guðmundsdóttur. Með því fór Þorsteinn aftur í leikaðferð sem reyndist vel í 45 mínútur gegn Hollendingum þegar Íslandi gekk betur að loka á sóknarlotur Hollands. Þá náði Sara Björk Gunnarsdóttir sér af flensu sem var að hrjá hana og var á sínum stað á miðjunni.

Fyrri hálfleikurinn var jafn þrátt fyrir að það vantaði meiri ró í sóknaraðgerðir íslenska liðsins. Íslenska liðið sat aftarlega á vellinum og leyfði Portúgal að vera með boltann án þess að Portúgal tækist að skapa sér mörg færi. Að sama skapi áttu Stelpurnar okkar erfitt með tengja



Svekkelsið í Portúgal var mikið eftir hetjulega baráttu íslenska liðsins í Porto í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

saman sóknir og komast í góð færi með bitlausum sóknaraðgerðum og var staðan því markalaus í fyrri hálfleik.

Upphafsmínútur seinni hálfleiks voru örlagaríkar. Einn besti kvendómari heims, Stéphanie Frappart, var á flautunni og dæmdi

mark af Sveindísi Jane Jónsdóttur á 49. mínútu leiksins eftir að hafa skoðað myndbandsupptökur og fundið brot í aðdraganda marksins. Mínútu síðar var Frappart aftur komin í skjáinn eftir að hafa dæmt vítaspyrnu á Áslaugu Mundu Gunnlaugsdóttur og vísað bakverðinum

af velli og stóð hún við dóminn eftir að hafa skoðað hann nánar. Carole Costa fór á vítapunkturinn og skoraði af miklu öryggi sem setti leikinn í uppnám fyrir íslenska liðið.

Bakslagið virtist efla íslenska liðið sem átti sinn besta kafla stuttu seinna og jafnaði Glódís Perla Vig-gósdóttir metin með skalla fjórum mínútum eftir að Portúgal komst yfir með góðu marki. Íslenska liðið hélt áfram að sækja en þegar liða tók á seinni hálfleik færðu Stelpurnar okkar sig aftur á völlinn og Portúgal náði stjórna á leiknum. Þrátt fyrir mikla pressu Portúgals fékk Ísland besta færið til að bæta við marki en skot Sveindísar Jane fór fram hjá markinu.

Það þurfti því að grípa til framlengingar og hún var rétt farin af stað þegar Portúgal komst aftur yfir. Eftir fast leikatriði hjá Íslandi sóttu Portúgalir hratt upp völlinn í yfirtölu og Diana Silva skoraði fram hjá Söndru Sigurðardóttur.

Þreyttir fætur íslenska liðsins reyndu að færa liðið framar á völlinn en við það opnaðist varnarlínan upp á gátt og bættu Tatiana Pinto og Francisca Nazareth við mörkum áður en lokaflautið gall. ■

Allar stelpurnar gáfu allt í leikinn en það dugði því miður ekki til

aron@frettabladid.is

FÓTBOLTI „Þetta er ómurleg tilfinning,“ sagði svekkt og sár Agla María Albertsdóttir eftir að hafa upplifað það að sjá HM-drauminn fara út um gluggann í Portúgal í gær. Um rauða spjaldið á Áslaugu Mundu hafði Agla þetta að segja: „Ég horfði á þetta af bekknum, viti og rautt spjald finnst mér harður dómur. Þetta er ekki viljandi hjá henni, þetta er rosalega svekkjandi,“ sagði Agla sem kom inn með ágætán kraft í leikinn.

„Ég komst í færi sem hefði getað breytt leiknum. Þetta er hrikalega

svekkjandi, þetta gerist ekki meira svekkjandi í raun. Það gáfu allar allt í þennan leik, það gat enginn gefið meira.“

Umspilið fyrir HM er mjög umdeilt þar sem einn leikur sker úr um það hvort liðið fer á lokamótið og þá fékk Portúgal heimaleik. „Þetta er galið fyrirkomulag, að vera svona ofarlega og fá ekki heimaleik. Það er enginn afsökun en það skiptir miklu máli, þær sem eru með fleiri stig ættu að fá heimaleik að mínu mati,“ sagði Agla María um svekkelsið sem fylgir því að horfa á drauminn fara út um gluggann í Portúgal. ■

Fátt hægt að segja til að hughreysta

aron@frettabladid.is

FÓTBOLTI „Þetta var aldrei rautt spjald, hún er ekki viljandi að toga hana niður,“ sagði Þorsteinn Halldórsson, þjálfari kvennalandsliðsins, svekktur eftir að íslenska landsliðinu mistókst að tryggja sér farseðil á Heimsmeistaramótið í Ástralíu og Nýja-Sjálandi á næsta ári.

Íslenska liðið tapaði 4-1 í framlengdum leik en í fyrri hálfleik átti sér stað röð umdeilda atvika. Stéphanie Frappart tók þá mark af íslenska liðinu sem virtist löglegt. Skömmu síðar rak hún Áslaugu Mundu Gunnlaugsdóttur af velli og dæmdi vítaspyrnu sem kom Portú-



Svekkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

gal á bragðið. „Maður var viss um að dómurinn myndi dæma þetta mark af VAR,“ sagði Þorsteinn um markið sem tekið var af Sveindísi Jane Jónsdóttir.

„Við vorum í vandræðum í fyrri hálfleik að halda í boltann, við fengum samt sýna til að gera eitthvað. Við náðum að skapa fin færi.“

Þorsteinn átti erfitt með að finna orð til að hughreysta niðurbrotna leikmenn. „Það er lítið sem ég get sagt til að hughreysta þær, draumurinn þeirra var að fara á HM og hann rættist ekkert. Ég get lítið sagt til að hughreysta liðið. Næsta verkefni er í febrúar, þetta hefur verið strembið ár og leikmenn þurfa fri.“ ■

Sírius



Sælkerabakstur



Kökubæklingurinn 2022 er væntanlegur!

Okkar árlegi Kökubæklingur er nú væntanlegur í verslanir. Bæklingurinn er unninn í samstarfi við Lindu Ben og útkoman er vægast sagt glæsileg og gómsæt! Pinn bakstur verður sannkallaður sælkerabakstur með vörunum frá Nóa Sírius.





Elskulegur bróðir okkar,
mágur og frændi,

Elís Þróstur Elisson

frá Sælingsdal,
síðast til heimilis að Borgarbraut 65a,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands
Akranesi þann 6. október.

Útför hans fer fram frá Hvammskirkju í Dölum
laugardaginn 15. október kl. 13.00.

Fjölskyldan þakkar góða umönnun frá heimahjúkrun
Borgarnesi, svo og starfsfólki á Tröð í Brákarhlíð.

Systkini hins látna og fjölskyldur þeirra



Elskuleg eiginkona mín, mágkona,
systir og móðursystir,

Kristín Þorfinnsdóttir

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á
Selfossi þann 8. október.

Útför hennar fer fram frá Selfoskirkju
föstudaginn 21. október kl. 14.

Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst
hennar er bent á Heiðursjóð Guðrúnar Bjartar:
www.lions.is/is/minningarkort.

Kristinn Pálsson

Herborg Anna Magnúsdóttir

Ragnar Pálsson

Skúli Valtýsson

Þorfinnur Skúlason

Halldóra Skúladóttir

Hjördís Þorfinnsdóttir

Kristrún Halla Helgadóttir

Erlendur Stefánsson

Agnar Pétursson

og fjölskyldur



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir,
sonur, bróðir, mágur og frændi,

Jón G. Þórðarson

Nonni
Stórákrika 25,
Mosfellsbæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum,
föstudaginn 7. október. Útförin fer fram í Digraneskirkju,
mánudaginn 17. október kl. 13.

Steinunn Elva Jónsdóttir

Alex Freyr O'Dell

Íris Embla Jónsdóttir

Þórður Pétur Jónsson

Þórður G. Jónsson

Guðrún Elisa Högnadóttir

Júlíana G. Þórðardóttir

Aðalsteinn Jónsson

Jón Þór, Emil Elí og Bjartur Búi



Ástkær sambýliskona mín, móðir
okkar, tengdamóðir og amma,

Hrafnhildur Haraldsdóttir

lést miðvikudaginn 5. október.

Ágúst Magnússon

Harpa Diego Hrafnhildardóttir

Elva Johnson

Mark Johnson

og barnabörn



Ástkær móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,

Þorleif Sturlaugsdóttir

frá Hlíð í Hörðudal,

áður til heimilis að Litlagerði 3,
Rvk., lést á Droplaugarstöðum
miðvikudaginn 5. október. Útförin fer fram
frá Kálfatjarnarkirkju föstudaginn 14. október kl. 13.00.

Birgir Ólafsson

Áslaug Brynja Sigurðardóttir

barnabörn og barnabarnabörn



Glettnar ádeilur Molière á misbeitingu trúarbragða ollu honum óvin-sældum hjá kaþólsku kirkjunni.

MYND/ADSEND

Konungur kómedíunnar

Í tilefni af fjögur hundruð ára afmæli Molières verður boðið upp á fjölþætta menningarveislu á næstu vikum sem hefst í dag með málþingi tileinkuðu skáldinu.

arnartomas@frettabladid.is

Í ár eru liðin fjögur hundruð ár frá fæðingu franska leikskáldsins Jean-Baptiste Poquelin, eða Molière, eins og hann kallaðist. Leikhúsmenning og fræðahæimurinn víða um heim hefur litast af þessum tímamótum og hafa meðal annars verið tvær risastórar ráðstefnur, önnur í París og hin í Bandaríkjunum, auk fjölda minni ráðstefna víða um heim, auk þess sem verk Molières eru sett á svið í stórum stíl.

Í tilefni af afmæli skáldsins verður blásið til þríþættrar menningardagskrár á haustdögum sem hefst með málþingi í Veröld – húsi Vigdísar í dag. Þann 26. október efnir Þjóðleikhúsið svo til leiklesturs á nýrri þýðingu Sveins Einarssonar á Ímyndunarveikinni, einu þekktasta verki Molières, auk þess sem fjórir útvarpsþættir um skáldið og verk hans verða fluttir á jóladagskrá RÚV Rásar 1. „Okkur hér í frönskunni er ljúft og skylt að standa fyrir þessum viðburði í samstarfi við Þjóðleikhúsið og franska sendiráðið,“ segir Guðrún Kristinsdóttir, nýdóktor í frönskum bókmenntum, og



Lestirnir nálgast brjálsemi á köflum og örlög einstaklinganna eru oft ansi tragísk ef maður setur sprellið til hliðar.



Guðrún Kristinsdóttir, nýdóktor í frönskum bókmenntum

bendir á að Þjóðleikhúsið hafi einnig sterkar taugar til skáldsins. „Þegar leikrit fóru að koma hingað til lands með skólápiltum, þá var Molière mjög vinsæll og leikinn á Herranótt og síðan af ýmsum áhugamannaleikfélögum um land allt. Ímyndunarveikin var leikin í nánast hverju einasta sveitarfélagi úti á landi og að sjálfsögðu í Þjóðleikhúsinu.“

Molière var afkastamikill leikskáld og ná verk hans til margra.

„Tungumálið sem Molière notar, sérstaklega í þeim leikritum sem hann skrifar í prósa, er mjög þjálmt og auðskiljanlegt,“ útskýrir hún.

„Ég hef sjálf leikið í Molière-leikriti í Frakklandi fyrir börn sem veltast um af hlátri, því þau skilja þetta svo vel.“

Sum verkin talsvert flóknari

„Þessi stóru skapgerðarleikrit þar sem hann málar upp ýmis konar lesti í fólki, eru sum í bundnu máli og talsvert erfiðari, en geta verið sérstaklega glæsileg. Leikrit eins og Loddarinn, sem sannarlega á erindi í okkar heimi í dag, hverfist til dæmis um það hvernig hægt er að beita trúnni sem valdataeki.“

Þótt Molière sé í dag eitt þekktasta gamanleikjaskáld sögunnar segir Guðrún að ef rýnt sé dýpra megi sjá marga mannlega skapgerðareiginleika sem ýtt er út á ystu nöf.

„Lestirnir nálgast brjálsemi á köflum og örlög einstaklinganna eru oft ansi tragísk ef maður setur sprellið til hliðar. Molière nær yfir allt sviðið. Að fólk í dag hlæi enn dátt yfir verkum hans, fjögur hundruð árum síðar, segir sína sögu.“

Guðrún bendir á að málþingið í dag einskorið engan veginn við áhuga fólks á frönskum bókmenntum og hvetur allt leikhúsáhugafólk til að mæta. Dagskrána í heild má finna á heimasíðu Veraldar – húss Vigdísar. ■

Þetta gerðist: 12. október 1978

Sid Vicious ákærður fyrir morð


Nóttina 11. október hélt Sid Vicious, forspraki hljómsveitarinnar Sex Pistols, parti á hótélherbergi sínu ásamt kærustu sinni Nancy Spungen. Vicious tók um þrjátíu töflur af deyfandi lyfinu Tuinol með þeim afleiðingum að hann var rænulaus fram eftir morgni.

Um ellefuleytið daginn eftir fann hótélstarfsfólk Spungen látna á baðherbergisgólfinu með hníf í maganum. Tvö vitni sögðu að hún hefði verið lifandi þegar síðast sást til hennar klukkan fimm um nóttina.

Vicious var handtekinn og ákærður fyrir morð. Hann sagðist í fyrstu hafa stungið hana en hefði aldrei ætlað sér að drepa hana. Síðar breytti hann vitnisburði sínum og sagðist ekkert muna. Lögfræðingur hans benti á að mikill fjöldi fólks hefði átt leið inn og út af hótélherberginu um nóttina sem hefði mögulega átt sök í málinu.


Þann 28. nóvember sagði Vicious í viðtali að dauði Spungen hefði „átt að gerast“ og að hún hefði alltaf talað um að hún myndi látast áður en hún yrði 21 árs.

Það var aldrei sannað hvort Vicious hefði orðið Spungen að bana en hann lést sjálfur 2. febrúar 1979 eftir að hafa tekið inn of stóran skammt af eiturflyfum. ■



Nancy Spungen var tvítug þegar hún lést.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



BRIDGE FYRIR ALLA

HEFST MÁNUDAGINN 17. OKTÓBER KL. 19.30

Fyrsta þáttaröðin um hugaríþróttina bridge hefur göngu sína á Hringbraut næsta mánudag. Björn Þorláksson spáir í spilin með frábærum gestum.



HRINGBRAUT

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Fjallaskálar Íslands Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildapáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
- 20.00 Bióbærinn Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraddir ásamt almennu bióspjalli.
- 20.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 Markaðurinn

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.35 Útsvar 2014-2015
- 14.45 Söngvaskáld
- 15.40 Baðstofuballettinn
- 16.10 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins
- 16.25 Bæir byggjast
- 17.10 Orðbragð III
- 17.35 Þú ert hér
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Hundurinn Ibby
- 18.05 Hæ Sámur
- 18.12 Lundaklettur
- 18.19 Víkingaprinsessan Guðrún
- 18.24 Lestrarhvutti
- 18.31 Skotti og Fló
- 18.38 Minnsti maður í heimi
- 18.40 Krakkafréttir
- 18.45 Lag dagsins
- 18.52 Víkinglöttó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Kiljan
- 20.45 Táknaæn tjáning
- 21.10 Nútímajölskyldan
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Parkinson - kraftaverkameðferð? - Fyrri hluti Heimildarmynd í tveimur hlutum frá BBC. 42 einstaklingar tóku þátt í byltingarkenndri tilraun á lyfinu GDNF sem vonir stóðu til að gæti haldið aftur af Parkinsonsveiki. Fylgst er með framvindu tilraunarinnar á sex ára tímabili og árangurinn skoðaður.
- 23.15 Í saumana á Shakespeare - Rikharður þriðji - Sir Anthony Sher
- 00.10 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.00 Dr. Phil
- 12.42 The Late Late Show with James Corden
- 13.22 Love Island
- 14.28 Matarboð
- 15.04 The Block
- 16.55 90210
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Love Island Australia
- 20.10 Survivor
- 21.00 Transplant
- 21.50 Yellowjackets
- 22.50 Queen of the South
- 23.35 The Late Late Show with James Corden
- 00.20 Love Island Australia
- 01.30 FBI: International
- 02.15 Chicago Med
- 03.00 The Resident
- 03.45 Dan Brown's The Lost Symbol
- 04.30 Walker
- 05.00 Tónlist

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.20 The Mentalist
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.20 Cold Case
- 10.05 Masterchef USA
- 10.45 Um land allt
- 11.25 Besti vinur mannsins
- 11.45 Fávitar
- 12.00 30 Rock
- 12.25 Nágrannar
- 12.45 30 Rock
- 13.05 The Goldbergs
- 13.30 Ísskápastríð
- 14.00 Lóa Pind: Battlað í borginni
- 14.45 Gulli byggir
- 15.40 Camp Getaway
- 16.20 Temptation Island
- 17.00 Last Week Tonight with John Oliver
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.27 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakkinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.20 Húgó
- 19.40 Grey's Anatomy
- 20.25 Monarch
- 21.10 Swimming with Sharks
- 21.35 Unforgettable
- 22.20 La Brea
- 23.05 Chucky
- 23.50 The PM's Daughter
- 00.15 Absentia
- 00.55 MacGruber
- 01.25 S.W.A.T.
- 02.05 The Mentalist
- 02.45 Cold Case
- 03.30 30 Rock
- 03.50 30 Rock
- 04.10 The Goldbergs

Staða og breytingar á byggingarmarkaði

Markaðurinn er á sínum stað í dagskrá Hringbrautar í dag. Þar mun Magdalena Anna Torfadóttir ræða við Þorstein Viglundsson, forstjóra Hornsteins, móðurfélags BM Vallár, um stöðu og breytingar á byggingarmarkaði eftir farsóttarárin. Þá mun Kristín Soffía Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Klaks mæta í þáttinn og ræða um samfélag frumkvöðla á Íslandi. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 daufur
- 5 vaska
- 6 snæði
- 8 ávöxtun
- 10 ekki
- 11 háma
- 12 geð
- 13 halarófa
- 15 granaldin
- 17 leika

LÓÐRÉTT

- 1 viðbjóð
- 2 vanþóknun
- 3 sindurkol
- 4 flytja
- 7 hyrningur
- 12 bónbjargir
- 14 þar til
- 16 verkfæri

LÁRÉTT: 1 óskyr, 5 þvo, 6 elt, 8 vextir, 10 el, 11 úða, 12 skap, 13 tunna, 15 ananas, 17 spila. LÓÐRÉTT: 1 óværra, 2 svei, 3 kox, 4 reiða, 7 trapisa, 9 túkan, 12 snap, 14 uns, 16 al.

Sudoku

2	4				9			
9	6	7						5
		3			7			2
	7			8	2	5		
1			4			7		
3		4	7			8		
		1		6	3	2		7
		8		2		4	5	
						3	9	1

4	5	1			9		8	
			8			7	9	
3		7	4	9			1	
		2						9
			3		7			
		4		6	8			
				2	3		8	
7		9		5				1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

KYNNINGIMAGNAÐUR SPENNUTRYLLIR

Ný bók eftir Ólaf Gunnar Guðlaugsson sem hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin í fyrra fyrir *Ljósbera*.

Útgáfuhóf í Bókabúð Forlagsins í dag kl. 16.30. Verið velkomin.



Fyrir ungmenni á öllum aldri!



Tinna Þorsteinsdóttir, listrænn stjórnandi Norrænna músikdaga segir hátíðina nú vera bæði viðamikla og fjölbreytta.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tónlist og samfélag á langþráðum músíkdögum

Tinna Þorsteinsdóttir, listrænn stjórnandi Norrænna músikdaga, fer yfir dagskrá hátíðarinnar sem fer fram í þessari viku eftir miklar Covid-frestanir.

tsh@frettabladid.is

Tónlistarhátíðin Norrænir músíkdagar hófst í gær en hátíðin fer fram í Reykjavík og Kópavogi til 15. október. Norrænir músíkdagar er ein af elstu hátíðum fyrir klassíska samtímatónlist í heimi en hún var stofnuð árið 1888.

„Þetta er langþráð og er loksins að verða að veruleika,“ segir Tinna Þorsteinsdóttir, listrænn stjórnandi hátíðarinnar.

Upphaflega stóð til að halda Norræna músíkdaga hér á landi 2021 en vegna Covid var þeim frestað um ár. Hátíðin flakkar á milli Norðurlandanna á ári hverju og var síðasta útgáfa hennar haldin í Færeyjum í fyrra.

Verk frá allri Skandinavíu

Að sögn Tinnu er hátíðin í ár víðamikil og fjölbreytt. „Þetta eru verk frá allri Skandinavíu, náttúrlega. Það eru fjölmargir tónleikar en líka alls konar viðburðir, vinnustofur og málstofur sem tengjast þema hátíðarinnar, Impact.“

Samhliða hátíðinni er haldin hljóðfæringsýning í Ráðhúsi Reykjavíkur sem tónlistarmaðurinn Halldór Eldjárn sýningarstýrir þar sem sjá má ný hljóðfæri eftir sex hljóðfæringsmiði.

„Þar verða til sýnis nokkrar uppfinningar góðra manna eins og til dæmis Dórófónn Halldórs Úlfarssonar sem Hildur Guðnadóttir notaði í Joker og hefur verið að spila á í sinni listsköpun. Svo er Segulharpa eftir Úlf Hansson sem Björk hefur leikið á. Þetta er mjög áhugaverð og fjölbreytt sýning,“ segir Tinna.

Á fimmtudag verður svo haldin svokallaður pop-up viðburður þar sem gestir fá tækifæri til að hitta hljóðfæringsmiðina, heyrja tóndæmi og jafnvel prófa nokkur hljóðfæri á sýningunni. Auk þess hafa verið haldnar vinnusmiðjur tengdar sýningunni í Listaháskóla Íslands í aðdraganda hátíðarinnar.

Vinnustofa ungs fjölmiðlafólks

Þá er einnig haldin vinnustofa



Frá opnunartónleikum Norrænna músikdaga í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

”

Þetta er langþráð og er loksins að verða að veruleika.

Tinna Þorsteinsdóttir

sem er mjög spennandi að sjá. Þau eru þarna bara úti um allt í hverju skúmaskoti á hátíðinni,“ segir Tinna.

Samfélagsleg staða tónlistar

Á meðal flytjenda og tónlistarhópa sem koma fram á Norrænum músíkdögum í ár eru Strokkvartettinn Siggí, Ensemble Adapter, Kammersveit Reykjavíkur, Dúó Harpverk, Caput Ensemble og færayski kammerhópurinn Aldubáran.

„Fókuspunkturinn er á Ísland og þetta eru mestmegnis íslenskir flytjendur. Þælingin er að virkja það tónlistarfólk sem er á hverjum stað. En við erum líka með erlenda gesti, við erum til dæmis með hóp frá Færeyjum og svo erum við með skoska sendinefnd, hljómsveitina Dopey Monkey,“ segir Tinna.

Þema hátíðarinnar í ár er Impact en með því hugleiða Norrænir músíkdagar stöðu tónlistar og lista í félagslegu, pólitísku og vistfræðilegu samhengi.

„Okkur langaði að rannsaka svoltið hvernig við getum skoðað samfélagið betur með það að markmiði að hafa áhrif. Við erum með málstofur sem fjalla um jaðarhópa á borð við innflytjendur í tónlist á Íslandi. Þannig að það er verið að reyna að fara út í samfélagið á breiðari grundvelli. Þetta er eitt-hvað sem hefur kannski vantað svoltið í klassíska tónlist en þetta er að aukast rosalega mikið á Norðurlöndunum.“ ■

fyrir ungt fjölmiðlafólk í samstarfi við Tónlistarborgina Reykjavík, Menntaskóla í Tónlist, LHÍ, og RÚV þar sem ungt og upprennandi fjölmiðlafólk fær leiðsögn í að skrifa greinar og umsagnir um viðburði og tónleika Norrænna músíkdaga. Vinnustofuna leiðir þýska tónlistarbláðakonan Julia Kaiser sem hefur haldið sambærilegar vinnustofur undir heitinu JungeReporter á tónlistarhátíðum víða um heim.

„Þetta er ofboðslega flott vinnustofa sem Julia Kaiser er með. Þáttakendur eru meðal annars að gera hlaðvörp og skrifa greinar og við búumst við gagnrýni frá þeim,



LÝKUR
UM HELGINA

STILLANLEGIR DAGAR
20% AFSLÁTTUR
AF STILLANLEGUM RÚMUM

SETTU ÞIG Í STELLINGAR FYRIR BETRI SVEFN

MEÐ ÞVÍ EINU AÐ SNERTA TAKKA GETUR ÞÚ STILLT RÚMIÐ Í HVADA STELLINGU SEM ÞÉR HENTAR

Chandon heilsurúmið frá Serta er vandað rúm, sniðið að þínum þörfum. Pokagormadýna sem skipt er upp í fimm mismunandi svæði. Góður stuðningur við bak en mýkra við axla- og mjaðmasvæði. Hægt er að velja um tvo mismunandi stífleika. Áklæðið utan um dýnuna er mjúkt og slitsterk, ofnæmisfrítt og andar vel. Rúmið fæst í gráu og grænu áklæði.

SERTA CHANDON HEILSURÚM (dýna, botn, gafl og lappir)

Stærð	Verð m/stillanlegum botni	Tilboð
160 x 200 cm	649.900 kr.	519.920 kr.
180 x 200 cm	679.900 kr.	543.920 kr.
180 x 210 cm	689.900 kr.	551.920 kr.
200x200 cm	739.900 kr.	591.920 kr.

ALLT ÞAÐ NÝJASTA FRÁ TEMPUR®



TEMPUR

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

Betra
BAK

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING
á Hringbraut



SR3

STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
30 ÁRAÍSLENDINGUR Í
ULUWATU HOFI▶ 13. NÓVEMBER, KL. 17.00
▶ SILFURBERG

Stórsveitin frumflytjur glænýja og spennandi tónlist **Stefáns S. Stefánssonar** undir stjórn höfundar. Síðasta verkefni Stefáns og Stórsveitarinnar, *Íslendingur í Alhambrahöll* frá 2015, hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin bæði fyrir jazzplötu ársins og jazztónleika ársins.

Miðasala á [HARPA.IS](https://www.harpa.is) og [TIX.IS](https://www.tix.is)

Premeningarnir leggja áherslu á létt- og hressleikann, allt saman að sjálfsögðu í anda Hrafns.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hrafn var dínamít

Vinaskáklfélagið heldur í dag minningarskáknot um Hrafn Jökulsson í Norðurturninum í Smáralind. Hrafn var verndari félagsins alla sína tíð en þeir Hjálmar Hrafn Sigurvaldason, Ólafur Thorsson og Guðjón Heiðar Valgarðsson segja mótið verða í hressari kantinum, eins og Hrafn hefði viljað.

odduraevar@frettabladid.is

„Það er erfitt að ganga í fótspor Hrafns, en það er hægt að ganga í sömu átt,“ segir Ólafur Thorsson sem situr í mótsstjórn Vinaskáklfélagsins og kemur að minningarmóti Hrafns Jökulssonar heitins sem lést í september úr krabba-meini. Þeir félagar leggja áherslu á að mótið verði skemmtilegt og að viðtalið verði hressilegt, allt eins og Hrafn hefði viljað hafa þetta.

„Ég verð að viðurkenna að það eru blendnar tilfinningar við að halda þetta skáknot fyrir hann,“ segir Ólafur hlæjandi. „Ég ímynda mér að Hrafn hefði sagt mér að vera ekki með þessa væmni og halda bara áfram að efla skákina. Svo við vildum bara gera það, fara í sömu átt og hann með ástina, gleðina og kærleikann í hjarta.“

Þeir félagar taka fram að allir séu velkomnir á mótið sem hefst klukkan 16.00 í dag og stendur til 18.30. Hrafn var verndari félagsins alla sína tíð en tilgangur þess er að efla skáklíf meðal fólks með geðraskanir.

Fritt er fyrir 18 ára og yngri en 2.000 króna þáttökugjald og vegleggir vinningar í boði. Guðjón útskýrir að þetta hafi átt að vera styrktarmót fyrir Hrafn.

„Eftir að hann kvaddi lá því beinast við að breyta því í minningarmót. Við verðum með posa þar sem fólk getur lagt sitt af mörkum og það rennur beint til barna Hrafns auk þess sem allt sem verður eftir í kassanum að móti loknu rennur beint til þeirra.“

Þrimeningarnir eru ekki lengi að rifja upp sínar bestu minningar af Hrafn þegar þeir eru spurðir hvernig maður hann var.

„Hann var goðsögn í lifanda lífi,“ segir Hjálmar sem kynntist honum fyrir tíu árum í gegnum Vina-skáklfélagið. „Það hreinlega gastaði af honum og allt lék í höndunum á honum. Ég var jafnvel örlítið smeykur við hann fyrst, sem auðvitað var alger óþarfi, hann var hið



Hrafn Jökulsson við taflborðið á Grand Rokk árið 2005.

MYND/ÞÖK.



Ég ímynda mér að Hrafn hefði sagt mér að vera ekki með þessa væmni.

mesta ljúfmenni sem vildi öllum vel. Það var virkilega ánægjulegt að hafa Hrafnakónginn, eins og við köllum hann, sem verndara Vina-skáklfélagsins.“

Guðjón segir Hrafn hafa verið eins og eitt af náttúruöflunum. „Eldur, vindur, jörðin, vatnið og Hrafn. Hann lét ekkert stoppa sig og hafði endalausan drifkraft og orku.“

Ólafur hefur sína samlíkingu alveg á hreinu. „Hrafn var dínamít. Hann gat fengið allt til að blómstra. Það er mikill missir að honum en arfleifið hans er þvílík. Hvað get ég sagt? Hver sem er, sama hvað hann fæst við, gæti fundið andagift í verum Hrafns. Hann var sannkallað ofurmenni. Svo var þessi einlægi kærleikur sem geislaði út frá honum í öllum hans verum sem einkenndi hann og kristallaði hvað hann var góð og heilsteypt manneskja.“

Vakti allt af dvala

Hjálmar segir að hans eftirminni-legasta reynsla af Hrafn hafi verið þegar hann fór með góðum hóp úr Vinaskáklfélaginu til Trékyllisvíkur, norður á Strandir.

„Hrafn var eins og gestrisinn

landvættur. Margur reyndi oft að halda honum í böndum, já, því miður. En í sveitinni sinni var hann dásamlega óbundinn og þá var aldrei dauð stund. Þetta var stórkostleg ferð.“

Guðjón segist eiga sínar bestu minningar af Hrafn á Grand Rokk. „Hann var alltaf með einhverjarn í burðarliðnum þar í kringum skáklfélagið Hrókinn sem hann stofnaði,“ útskýrir Guðjón.

„Svo var eitt skipti eftirminnilegt þegar hann var að halda skákmaraþon í Kringlunni árið 2006. Þá tefldi hann 250 skákir á 40 klukkutímum, sem er met enn þann dag í dag. Ég mætti þarna og tók eina skák við hann. Í miðri skákinni var eitthvert fólk farið að tala helst til hátt fyrir hans smekk svo að hann sussaði á það af ákveðni og sagði: Viljið aðeins hafa þögn, ég er að tefla við einn sterkasta skákmann landsins herna!“ segir Guðjón hlæjandi.

„Það var auðvitað langt frá því að vera satt, en ég hafði lagt skáskóna á hilluna mörgum árum áður. Ég man samt að mér þótti voða vænt um þetta komandi frá honum. Truflunin kom þó ekki að sök og hann mátaði mig nú þarna á endanum.“

Ólafur segir að þegar hann hafi verið ungur maður að tefla hafi sér alltaf þótt Hrafn hálfgerður útlagi.

„Hann var svo miklu meira en þessi venjulegi skáklfélagsmálarforkólfur. Hann vakti allt af dvala og kom með nýjar hugmyndir og vinkla. Hrafn var í slagtoyi við forseta, embættismenn, kóna og biskupa, og hann einhvern veginn reitskipti veröldinni. Mörgum varð um og ó, hann varð strax umdeildur. Það er mikill missir að honum.“ ■

Má bjóða þér blað dagsins?

Fritt




Þú finnur Frettablað dagsins

- Í aldreifingu á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri
- Í öllum verslunum Bónus
- Í Frettablaðs-appinu
- Með skráningu á póstlista
- Á frettabladid.is

QR flýtilausn fyrir stafrænar útgáfur



Opnaðu myndavélina í símanum
og skannaðu QR kóðann



Bakþankar



Láru G.
 Sigurðardóttur

Fastandi börn

Á dögunum var kynningarfundur í gagnfræðaskóla yngsta drengsins. Kennarinn hafði á orði að allt of margir nemendur væru að fasta líkt og foreldrarir. Skömmu síðar barst tölvupóstur frá skólastjóranum þar sem itrekað var að of margir nemendur mættu illa nærðir og borðuðu jafnvel ekkert fyrr en eftir skóla.


Hér áður voru það fátæku börnin sem komu ónærð í skólann. Nú virðist sem tímaskortur eða tíska valdi því að morgunmatnum sé sleppt. Rannsóknir hafa verið gerðar á börnum sem fasta og sýna að námsárangur er nátengdur næringu. Í skóla einum var byrjað á því að gefa börnunum hafragraut í upphafi skóladags. Í ljós kom að börnin áttu auðveldara með að einbeita sér og þeim gekk betur í náminu. Fleiri rannsóknir sýna hið sama.

Þó svo að við fullorðna fólkið þolum það að fasta fram eftir degi gildir annað um börnin. Fyrir utan að þurfa góða næringu til að vaxa og þroskast, þá getur það að sleppa morgunmat haft þær afleiðingar að börnin verða þreytt, eirðarlaus og skapstygg. Síðla dags geta þau orðið leið og orkulítill. Þá eru þau líklegri til að sækja í næringarsnauð fæði sem inniheldur tóm kolvetni og óholla fitu.

Ég ætla að gefa skólastjóranum lokaorðið því ég hefði ekki orðað þetta betur: „Hvernig haldið þið að það sé að vera illa nærður og ætla að meðtaka og tileinka sér nýja þekkingu? Hvernig haldið þið að það sé að kenna börnum sem geta varla hugsað fyrir hungri? Við hljótum að vera öll sammála um að frumfrenda þess að ná árangri í námi og að eiga jákvæð og gefandi félagsleg samskipti sé að vera vel sofinn og vel nærður. Vinsamlegast hugið vel að þessu kæra forráðafólk. Það þarf alveg enn þá að senda krakka með nesti í skólann þó þau séu unglingar.“ ■

Þrjú mögnuð íslensk verk

VERTU ÚLFUR



Tryggðu þér miða!

leikhusid.is

**pappír
 umhverfið
 prentun**

LITRÓF
 UMHVERFISVÆN
 PRENTUN

Vatnagördum 14 · 104 Reykjavík
 litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is